# FRÉTTABLAÐIÐ

170. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 20. JÚLÍ 2018





Haraldur Franklín Magnús fagnar eftir að hafa sett niður pútt fyrir fugli á 18. holu á fyrsta hring Opna breska meistaramótsins í golfi sem hófst í gær. Haraldur, sem er fyrsti íslenski karlkylfingurinn sem leikur á risamóti, lék fyrsta hringinn á einu höggi yfir pari og er í 50. sæti af 156 kylfingum, jafn Jordan Spieth, ríkjandi meistara á Opna breska. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ráðherra hugsi yfir því að lausnum sé hafnað

**Þjónusta við verðandi mæður hefur verið skert á Landspítala. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segist hugsi þar sem ljósmæður „hafni hverju lausnarúrræðinu á fætur öðru“. Sex ljósmæður til viðbótar sögðu upp störfum í gær.**

**KJARAMÁL** Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra gagnrýnir ljósmæður fyrir að hafna hverju tilboðinu á fætur öðru.

Stjórnendur Landspítalans hafa lokað meðgöngu- og sængurdeild spítalans og sameinað hana starfi kvenlækningadeildar.

Formaður samninganefndar ljósmæðra segir ljósmæður neyddar til yfirvinnu.

Ljósmæður höfnuðu í gær tillögu ríkissáttasemjara um að koma með sáttatillögu í deilunni.

„Þessu tilboði mínu var hafnað. Deiluaðilar voru sammála um að það þyrfti ekki að boða til fundar á næstunni nema eitthvað nýtt komi fram. Ég er hins vegar í stöðugum samskiptum við báða aðila til að reyna að finna lausn á deilunni,“ segir Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari.

Heilbrigðisráðherra segir stöðuna alvarlega. „Staðan er grafalvarleg og verulegt umhugsunarefni að ljósmæður hafni hverju lausnarúrræðinu á fætur öðru,“ segir ráðherrann.

> Staðan er grafalvarleg og verulegt umhugsunarefni að ljósmæður hafni hverju lausnarúrræðinu á fætur öðru.
>
> Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra



Svandís segist telja það ótímabært að ræða um lög á verkfallið eins og staðan er í dag. „Slík úrræði hafa ekki komið til tals,“ fullyrðir hún.

Landspítalinn vinnur nú að því að skera niður þá þjónustu við verðandi mæður sem hefur ekki áhrif á líf eða heilsu móður og fósturs og styrkja þjónustuna þar sem hún skiptir meira máli. Til að mynda mun svokallaður tólf vikna sónar verðandi foreldra ekki verða í boði frá og með 23. júlí næstkomandi.

„Við höfum heyrt af mögulegum verkfallsbrotum. Ef rétt reynist eru þetta gróf verkfallsbrot þar sem ljósmæður hafa hreinlega verið neyddar til að vinna. Þetta er í skoðun hjá okkur,“ segir Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður samninganefndar ljósmæðra. „Boltinn er í höndum stjórnvalda og brennur væntanlega þar.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa að minnsta kosti sex ljósmæður til viðbótar sagt upp störfum á allra síðustu dögum.

Katrín Sif segist ekki geta ímyndað sér að margar ljósmæður hafi áhuga á að vinna við þær aðstæður sem þeim séu boðnar þessa dagana.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir umræðu um lög á verkfallsaðgerðir ljósmæðra ekki vera inni í myndinni.

„Það er mál sem er á forræði ráðherra heilbrigðismála en er ekki til umræðu,“ segir fjármálaráðherra.

– sar / sjá síðu 4

## Áhugi Dana á heimsókn Piu

**ALÞINGI** Pia Kjærsgaard, forseti danska þingsins, segir að þingmenn Pírata ættu að tileinka sér betri mannasiði.

Auk viðtala við Kjærsgaard ræddu danskir fjölmiðlamiðlar við þingkonurnar Helgu Völu Helgadóttur og Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur sem hvor með sínum hætti mótmælti nærveru Piu á fullveldisfundi Alþingis.

– aá / sjá síðu 2



Pia Kjærsgaard

## Vigdís fagnar auknu gegnsæi

**REYKJAVÍK** „Það var mjög gleðilegt að þessi tillaga Sjálfstæðismanna, sem við hin í stjórnarandstöðunni tókum heilshugar undir, hafi verið samþykkt,“ segir Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins. Vísar Vigdís til tillögu um að fundir borgarráðs verði auglýstir með dagskrá. „Þetta gefur smá von um að það sé verið að auka lýðræði og gegnsæi.“

– aá / sjá síðu 4



Vigdís Hauksdóttir

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Hætta á við uppbyggingu við Elliðaárnar, segir Hildur Björnsdóttir. 10

**SPORT** HK/Víkingur hefur komið á óvart í Pepsi-deild kvenna. 14

**LÍFIÐ** Krumpugallinn er mættur aftur í öllu sínu veldi. 22

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Sunnan og suðvestan 5-13 og rigning með morgninum um landið vestanvert, en þurrt um landið austanvert fram undir kvöld.
SJÁ SÍÐU 18



**Maðurinn játaði brotið og þótti því unnt að skilorðsbinda refsinguna.**

# Játaði að hafa misnotað stjúpdóttur sína

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn kornungri stjúpdóttur sinni. Er 21 mánuður af refsingunni bundinn skilorði þar sem maðurinn kom af sjálfsdáðum til lögreglunnar og játaði brot sitt.

Brotin áttu sér stað á tímabilinu 2010-2013 en stúlkan var eins árs þegar brotin hófust. Maðurinn játaði að hafa snert stúlkuna og að hafa látið hana snerta sig. Í einu tilfelli myndaði hann athæfið og hafði myndina í vörslu sinni.

Árið 2014 vaknaði grunur um að maðurinn hefði brotið gegn stúlkunni. Málið var rannsakað en síðar fellt niður þar sem gögn málsins þóttu ekki líkleg til ákæru. Fyrir rúmu ári kom maðurinn að eigin frumkvæði á lögreglustöð og játaði brot sín.

Við ákvörðun refsingar var meðal annars tekið mið af því og leiddi það til þess að refsingin varð léttari en ella hefði verið. Þótti játningin sýna iðrun mannsins og skýran vilja til að bæta fyrir brot sín. Af sömu ástæðu þótti unnt að skilorðsbinda refsinguna.

Auk refsingarinnar þarf maðurinn að greiða tvær milljónir króna í miskabætur til brotaþola. Þá þarf hann að greiða allan sakarkostnað málsins, tæpar 600 þúsund krónur.
**– jóe**

# Fullveldisbörnin fagna



Íslendingum fæddum 1918 og fyrr var í gær boðið til samkomu á Hrafnistu í tilefni af aldarafmæli fullveldisins. Alls boðuðu 23 komu, meðal þeirra elsti Íslendingurinn, Jensína Andrésdóttir, sem verður 109 ára í haust. Guðni Th. Jóhannesson forseti ávarpaði samkomuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fjólublár moli er vinsælastur

**BRETLAND** Fjólublái molinn í Quality Street boxinu, sem við Íslendingar höfum vanalega kallað Mackintosh, er vinsælastur meðal bresku þjóðarinnar. Þetta leiddi könnun YouGov í ljós.

Alls sögðu 37 prósent af 2.045 manna úrtaki að þeim þætti fjólublái molinn bestur. Græni þríhyrningurinn og bronslitaði karamellumolinn komu næstir með ríflega fjórðung svarenda. Þar á eftir komu rauði jarðarberjamolinn, appelsínuguli molinn með appelsínufyllingunni og græni mjólkursúkkulaðibitinn.

Á botninum var blái kókosmolinn en aðeins um þrettán prósent sögðu hann í uppáhaldi. Næst fyrir ofan með sextán prósent svarenda var karamelluskildingurinn.
**– jóe**



# Skiptar skoðanir Dana um Kjærsgaard-málið

**Fjölmiðlar í Danmörku hafa sýnt eftirköstum hátíðarfundarins á Þingvöllum mikinn áhuga. Virkir Danir í athugasemdum fara einnig mikinn bæði í útlendingaandúð og skoðanaskiptum um móttökurnar sem Pia fékk hér á landi.**

**ALÞINGI** Danskir fjölmiðlar hafa sýnt mikinn áhuga á mótmælaaðgerðum íslenskra þingmanna vegna þátttöku danska þingforsetans Piu Kjærsgaard í hátíðarfundi Alþingis.

Auk viðtala við Kjærsgaard sjálfa hafa danskir miðlar reynt að ná tali af Steingrími J. Sigfússyni, forseta Alþingis, og rætt við þingkonurnar Helgu Völu Helgadóttur og Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur sem báðar mótmæltu nærveru Piu á hátíðarfundinum hvor með sínum hætti.

Það eru ekki eingöngu fjölmiðlar frændþjóðarinnar sem sýna málinu áhuga heldur hafa virkir í athugasemdum Extrablaðsins ekki látið sitt eftir liggja og ausið svívirðingum yfir Íslendinga og reyndar einnig múslima sem leitað hafa hælis í Danmörku. Margir segjast helst vilja senda Íslendingum allt það fólk eða jafnvel einnig Grænlendingum með vonum um að það verði ísbjörnum að bráð. Svo mikið lá þeim heitustu á hjarta að stjórnendur vefs Extrablaðsins voru teknir að eyða út svæsnustu athugasemdunum síðdegis í gær.

Innan um má þó einnig sjá athugasemdir með þökkum til þeirra þingmanna sem sniðgengu ræðu Piu eða gagnrýndu nærveru hennar.

Í viðtölum í heimalandi sínu fer Pia Kjærsgaard hörðum orðum um þingmenn Pírata. Í viðtali við TV2 sagðist hún líta svo á að Píratar höguðu sér eins og illa upp aldir unglingar og ættu að tileinka sér betri mannasiði.



**Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, minnti á mikilvægi náungakærleikans í ræðu sinni á Þingvallafundi Alþingis.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kjærsgaard gagnrýnir einnig Helgu Völu Helgadóttur og Loga Einarsson, þingmenn Samfylkingarinnar, og segir ljóst að þau viti greinilega ekki hvað sé að gerast í heiminum og þekki ekki sinn eigin systurflokk í Danmörku.

Yfirlýsing kom frá forseta Alþingis um miðjan dag í gær. Þar segir að það séu vonbrigði að heimsókn danska þingforsetans hafi verið notuð til að varpa skugga á hátíðarhöldin í tilefni fullveldisafmælisins.

„Mér finnst auðvitað leitt að dagskráin hafi leitt til þess að ákveðinn blettur kom á þessi hátíðarhöld,“ segir Helga Vala Helgadóttir um yfirlýsingu forsetans og bætir við: „Það er hann sem fer með dagskrárvaldið en ekki sá sem á hana bendir.“



**Helga Vala Helgadóttir.**

Um athugasemdir Piu segir Helga Vala að jafnaðarmenn á Íslandi þekki vel til systurflokksins í Danmörku og þyki leitt að hann hafi villst af leið frá jöfnuði, umhyggju fyrir öðru fólki og mannréttindum.

Deilt hefur verið um hvort og á hvaða tíma þingmenn fengu upplýsingar um þátttöku Piu í hátíðarhöldunum en fyrir liggur að tilkynning þess efnis kom inn á vef þingsins 20. apríl síðastliðinn.

Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata og fulltrúi í forsætisnefnd, sendi í gær fyrirspurn á forseta þingsins og óskaði svara um ferlið að baki ákvörðun um boð Kjærsgaard í afmælið, hvenær ákvörðunin hefði verið tekin og hver ferill ákvörðunarinnar hefði verið. Deilt hefur verið um hversu upplýstir þingmenn voru um komu forseta danska þjóðþingsins á hátíðarfundinn á Þingvöllum í fyrradag.
**adalheidur@frettabladid.is**



MEISTARAVERK

傑作

Orðið Takumi merkir handverksmeistari. Til þess að geta kallað þig Takumi þarftu að sýna fram á næmt auga fyrir smáatriðum, ómælda sköpunargleði og óbilandi trú á því að ekkert nema fullkomnun sé nógu gott. Lexus er öll þessi hugmyndafræði í verki.

ÚTHUGSUÐ SMÁATRIÐI SKAPA EINSTAKA HEILD




**NX 300h** frá 7.750.000 kr.

SPORTJEPPI

5 ára ábyrgð og 2 ára þjónustupakki með öllum Lexus bílum

**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ, 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# Gripið til frekari neyðarráðstafana í fæðingarþjónustu Landspítala

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórnendur Landspítala ákváðu í gær að grípa til frekari neyðarráðstafana vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í fæðingarþjónustu. Frá og með deginum í dag verður meðgöngu- og sængurlegudeild lokað og starfsemi hennar sameinuð kvenlækningadeild.

Þá munu fyrstu reglubundnu ómskoðanir þungaðra kvenna falla niður frá og með næsta mánudegi. Um er að ræða fyrstu fósturgreiningu sem fer fram á tólftu viku meðgöngu. Þær ljósmæður sem sinnt hafa þessari þjónustu munu hverfa til annarra starfa í fæðingarþjónustu. Ómskoðun á 20. viku verður áfram sinnt sem og tilfallandi bráðaskoðunum.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, segir að þótt tólf vikna ómskoðunin sé valkvæð sé það engu að síður mikilvæg þjónusta sem flestar konur nýti sér. Um 60 slíkar skoðanir séu gerðar í hverri viku. Þá þýði sameining deilda það að einhverjar konur sem nú liggi á kvenlækningadeild flytjist á aðrar deildir.

„Ástandið hefur versnað hraðar en búist var við í kjölfar yfirvinnubanns ljósmæðra. Svo er vaxandi þreyta meðal starfsfólks. Þetta getur ekki gengið svona lengi. Það er ljóst að það hafa orðið breytingar á skipulagi þjónustunnar sem ekki er víst að gangi til baka,“ segir Páll.

Páll segist vera í góðu sambandi við landlækni og heilbrigðisráðherra og að þeim sé haldið vel upplýstum. „Það segir sig sjálft að þetta er öryggisógn og þegar er orðinn verulegur þjónustubrestur. Álagið í þessu er sveiflukennt og óútreiknanlegt. Það er erfitt að vera komin í svona þröngva stöðu með svona þreytt starfsfólk.“ **– sar**



**Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Í Hveragerði.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fengu og tóku eina tilboðinu

**HVERAGERÐI** Bæjarráð Hveragerðis ákvað í gær að láta gera úttekt á gróðurhúsum í sveitarfélaginu.

„Eftir vandlega íhugun telur meirihluti D-listans Odd Hermannsson hjá Landform ehf. hæfastan til að framkvæma varðveislumat gróðurhúsa hér í Hveragerði,“ segir í bókun.

Njörður Sigurðsson, fulltrúi O-listans, lagði til að leitað væri tilboða frá fleirum. „Þannig er tekin besta ákvörðunin hverju sinni og fjármunum bæjarins best varið,“ bókaði Njörður. Tillaga hans var felld af meirihlutanum. **– gar**

## Blæs lífi í Brexit

**BRETLAND** Dominic Raab, nýr útgöngumálaráðherra Breta sem leiðir samninganefnd Breta í viðræðunum um útgöngu úr ESB, sagðist í Brussel í gær vilja kynda upp í viðræðunum. Þá sagðist hann einnig ætla að reyna að tryggja Bretum sem besta samningsstöðu.

„Ég hlakka til þess að fara yfir öll smáatriðin með meiri orku og ákefð,“ sagði í stuttri tilkynningu frá Raab áður en hann gekk inn á fund með formanni samninganefndar ESB, Michel Barnier.

Enn á eftir að loka erfiðum köflum í viðræðunum, til að mynda um landamæragæslu á milli Írlands og Norður-Írlands og um hvort Bretar fái enn aðild að innri markaðnum og tollabandalaginu. Þeim köflum þarf að loka fyrir útgöngudaginn, 29. mars næstkomandi. **– þea**

# Fyrirheit um aukið gegnsæi hjá Reykjavíkurborg segir Vigdís

**Rætt um stöðu heimilislausra, eineltismál hjá borginni og niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála í borgarráði í gær. Öll málin eru skandall fyrir borgina, segir Vigdís Hauksdóttir, en gleðst yfir auknu gegnsæi hjá borginni eftir samþykkt tillögu Sjálfstæðismanna um að fundir hjá borginni verði auglýstir með dagskrá.**

**REYKJAVÍK** Fundir borgarráðs og annarra ráða borgarinnar verða auglýstir með dagskrá á vef borgarinnar. Tillaga Sjálfstæðisflokksins þessa efnis var samþykkt á fundi borgarráðs í gær. „Það var mjög gleðilegt að þessi tillaga Sjálfstæðismanna, sem við hin í stjórnarandstöðunni tókum heilshugar undir, hafi verið samþykkt,“ segir Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins. Hún segir tillöguna hafa verið lagða fram til að auka aðgengi bæði fjölmiðla og borgarbúa að því sem er að gerast hjá borginni. Fyrirkomulag funda hafi verið alveg lokað hingað til auk þess sem oft taki marga daga að ganga frá fundargerðum. Þannig líði oft margir dagar án þess að fólk viti yfirleitt að það hafi verið fundur og þaðan af síður hvað hafi farið fram á honum.

„En það var mjög gleðilegt að stjórnarandstaðan fékk þarna mál í gegn. Þetta gefur smá von um að það sé verið að auka lýðræði og gegnsæi hjá borginni,“ segir Vigdís að nýloknum fundi borgarráðs í gær. Hún segir mörg aðkallandi mál hafa verið rædd á fundinum og vonbrigði að borgarstjóri sjálfur væri farinn í sumarfrí.

„Við urðum að bóka mótmæli strax í upphafi fundar, við því að borgarstjóri er farinn í sumarfrí, sérstaklega í ljósi þeirra mála sem eru á dagskrá fundarins,“ segir Vigdís og vísar til bókunar Kolbrúnar Baldursdóttur, Flokki fólksins, sem aðrir í stjórnarandstöðu tóku undir.

Í fyrsta lagi vísar Vigdís til skýrslu umboðsmanns Alþingis um stöðu heimilislausra í Reykjavík. Embættismenn frá velferðarsviði borgarinnar komu á fundinn og gerðu grein fyrir stöðunni og segir Vigdís ljóst að staðan sé grafalvarleg. Allir borgarfulltrúar sama hvar í flokki þeir standa voru sammála um að gera þurfi stórátak í málefnum heimilislausra,“ segir Vigdís. Á fundinum var samþykkt að boða aukafund í velferðarráði 11. ágúst næstkomandi til að fara betur yfir stöðuna, taka á móti hagsmunaaðilum og ræða leiðir til úrbóta.

Þá hafi verið farið yfir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um alvarlegt eineltismál í stjórnsýslu borgarinnar Er þar vísað til dóms frá 5. júní síðastliðnum, þar sem Reykjavíkurborg var dæmd til greiðslu miskabóta vegna ólögmætrar áminningar. „Við vorum upplýst um það á fundinum að niðurstaða héraðsdóms mun standa óhögguð því ákveðið hefur verið að áfrýja ekki málinu til Landsréttar og er áfrýjunarfresturinn liðinn.“

Að lokum vísaði Vigdís til niðurstöðu Kærunefndar jafnréttismála vegna ráðningar borgarlögmanns, sem einnig var til umræðu á fundi borgarráðs. Vigdís segir málið alvarlegan áfellisdóm yfir stjórnsýslu borgarinnar og að stjórnarandstaðan hafi lagt fram harðorða bókun vegna málsins. Ólíklegt sé að því máli sé lokið enda geti báðir málsaðilar farið með niðurstöðuna fyrir dómstóla. Vigdís telur málið geta orðið borginni dýrt geri kærandinn skaðabótakröfu fyrir dómstólum, enda hafi ekki staðið steinn yfir steini í málsmeðferð borgarinnar í málinu.

Vigdís segir hvert og eitt þessara mála skandal fyrir borgina og áfellisdóm yfir stjórnsýslu borgarinnar.

adalheidur@frettabladid.is



**Vigdís, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Marta Guðjónsdóttir eru í minnihluta borgarstjórnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins**


MAMMA MIA!



5 ÁRA ÁBYRGÐ

FIAT 500 Á FRÁBÆRU FIAT-SUMARTILBOÐI

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIAT.IS

WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 4. ÁGÚST

# 25% afsláttur
## af öllum hjólum í stærðinni 26-29”



### 28” Picnic

Stell: Álstell 6061. Gírbúnaður: Shimano Nexus 3ja gíra. Bremsur: Alloy V, Shimano Nexus fótbremsa. Dekk: Schwalbe Active delta cruiser. Hnakkur: Selle Royal. Annað: Ljós að framan með innbyggðum dynamo, glitauga að aftan, karfa, bjalla, standari, bögglaberi, keðjuhlíf

vnr. 1114846

**59.999** kr
verð áður 79.999



### 28” Areal

Stell: 520mm og 560mm Alloy Win Trek VBR Semi. Gírbúnaður: Shimano Altus 21 gíra. Bremsur: Shimano Promax. Dekk/gjarðir: Continental City Ride 700Cx40 Crosser X2 Double Wall Alloy gjarðir. Demparagaffall: Suntour M3010. Hnakkur: Bioaktive. Annað: Standari, bögglaberi, pumpa, fram- og afturljós með innbyggðum Shimano dynamo

vnr. 955097, 955098

**59.999** kr
verð áður 79.999



### 28” Arena

Stell: 460mm og 500 mm Alloy Win Trek VBR Semi. Gírbúnaður: Shimano Altus 21 gíra. Bremsur: Shimano Promax. Dekk/gjarðir: Continental City Ride 700Cx40. Crosser X2 Double Wall Alloy gjarðir. Demparagaffall: Suntour M3010. Hnakkur: Bioaktive. Annað: Standari, bögglaberi, pumpa, fram- og afturljós með innbyggðum Shimano dynamo.

vnr. 955100, 955101

**59.999** kr
verð áður 79.999



### 26” Romero

Stell: 520mm Light Alloy Frame. Gírbúnaður: Shimano 21 gíra. Bremsur: Shimano Promax. Dekk/gjarðir: Kenda dekk AV, Double Wall gjarðir. Demparagaffall: Suntour M3010. Annað: Standari, glitaugu

vnr. 935960

**37.499** kr
verð áður 49.999



### 28” Ultra Tonus

Stell: 460mm Super Light Alloy stell. Gírbúnaður: 7 gíra Shimano. Bremsur: Shimano. Dekk/gjarðir: Trayal 700x40, Double-Wall ál gjarðir. Innbrendur litur, lugt að framan og aftan, standari, bögglaberi, karfa.

vnr. 1120674.

**37.499** kr
verð áður 49.999

Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Leituðu ekki álits Persónuverndar á birtingu hluthafalista

**HLUTABRÉFAMARKAÐUR** Kauphöllin leitaði ekki álits Persónuverndar áður en ákveðið var að hætta að birta lista yfir tuttugu stærstu hluthafana í skráðum hlutafélögum. Forstjóri Kauphallarinnar segir að breyta þurfi lögum til að taka af allan vafa.

Greint var frá ákvörðun Kauphallarinnar í Fréttablaðinu í gær en hún var tekin með hliðsjón af nýjum persónuverndarlögum.

Í svari Persónuverndar við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að ekki hafi borist erindi frá Kauphöll Íslands með beiðni um álit á málinu. Persónuvernd bendir þó á að upplýsingarnar þurfi að falla undir gildissvið laganna og að í því felist að þær þurfi að lúta að hlutabréfaeign einstaklinga en ekki lögaðila.

Í langflestum tilfellum eiga einstaklingar í skráðum hlutafélögum í gegnum einkahlutafélög og samkvæmt talningu Fréttablaðsins finnst enginn einstaklingur á hluthafalistunum sem félögin sjálf birta á heimasíðu sinni. Þá segir Persónuvernd að fyrrnefnd lagaákvæði séu að mestu leyti sama efnis og ákvæðin í eldri lögunum um persónuvernd. „Hefur stofnuninni ekki borist erindi frá Kauphöll Íslands með beiðni um álit á því hvort forsendur hafi breyst með hinum nýju lögum.“

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir í samtali við Fréttablaðið að oft sé einfalt að komast að því hverjir séu á bak við lögaðilann. Þá sé tryggast að breyta lögunum ef ætlunin er að heimila algjöra birtingu á hluthafalistum.

„Ég held að það sé ólíklegt að fá nógu víðtækt og afgerandi svar frá Persónuvernd um heimild til birtingar á hluthafalistum. Ef vilji er fyrir hendi er langtryggast að breyta lögum um verðbréfaviðskipti og hlutafélög og heimila birtinguna þannig.“ **– tfh**



**Kauphöllin birtir ekki lengur listana.**



**Í Reykjavík.** FRÉTTBLAÐIÐ/EYÞÓR

## Minna á bann við auglýsingum

**SKIPULAGSMÁL** Umhverfisstofnun hefur sent sveitarfélögum bréf þar sem þau eru beðin um að vera vakandi fyrir óheimilum auglýsingum.

Í bréfi Umhverfisstofnunar er bent á að samkvæmt náttúruverndarlögum sé óheimilt að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. „Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem starfsemin eða framleiðslan fer fram,“ segir í bréfinu. „Stofnunin vonar að saman munum við vinna að því að koma í veg fyrir óheimilar auglýsingar í náttúru Íslands.“ **– gar**



**Sjóðurinn SÍA II er í rekstri dótturfélags Arion.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Virði Verne Global lækkaði um 23 prósent

**VIÐSKIPTI** Virði gagnaversins Verne Global á Reykjanesi var fært niður um 23 prósent á milli ára í bókum framtakssjóðsins SÍA II fyrir árið 2017. Hluturinn, sem nemur 19 prósentum, er metinn á 762 milljónir króna í bókum SÍA II. Miðað við það er hlutafé gagnaversins metið á fjóra milljarða króna. SÍA fjárfesti í gagnaverinu árið 2015. Sjóðurinn er í rekstri Stefnis, dótturfélags Arion banka.

Sjóðurinn færði niður hlut sinn í ferðaþjónustufyrirtækinu Kynnisferðum um 40 prósent á milli ára í 477 milljónir króna. Fram hefur komið í fjölmiðlum að SÍA II eigi 35 prósenta hlut í fyrirtækinu. Miðað við það er virði hlutafjár Kynnisferða 1,4 milljarðar króna.

Bókfært virði Festar, sem rekur meðal annars Krónuna og Elko, jókst um 16 prósent á milli ára í bókum SÍA II. Þá er 27 prósenta hlutur metinn á 6,4 milljarða og miðað við það er hlutaféð allt metið á rúmlega 23 milljarða króna.

SÍA II hagnaðist um 844 milljónir króna í fyrra samanborið við tæplega 1,6 milljarða hagnað árið áður. **– hvj**

# Ekkert opinbert eftirlit með gjaldmælum leigubifreiða

**Drög að reglugerð um eftirlit með gjaldmælum leigubifreiða hafa safnað ryki í ráðuneyti í tæp sex ár. Erlendar systurstofnanir Neytendastofu hafa furðað sig á því að ekkert eftirlit sé hérlendis. Fyrirhuguð lagabreyting miðar meðal annars að því að afnema fjöldatakmarkanir á útgáfu leyfa.**

**SAMGÖNGUR** Ekkert opinbert eftirlit er með gjaldmælum leigubifreiða hér á landi. Drög að reglugerð um eftirlitið hafa legið óhreyfð frá árinu 2012.

Samráði um fyrirhugaða breytingu á lögum um leigubifreiðar lauk í gær. Vinnan er sem stendur á frumstigi og frumvarpsdrög ekki tilbúin. Lagabreytingin miðar að því að afnema fjöldatakmarkanir á útgefnum atvinnuleyfum til leigubílstjóra og að stöðvaskylda þeirra verði afnumin. Tilefni endurskoðunarinnar er frumkvæðisathugun Eftirlitsstofnunar EFTA á íslenska leigubílamarkaðnum. Stefnt er að því að frumvarp um efnið verði lagt fram á haustþingi 2019.

Ein þeirra athugasemda sem bárust við fyrirhugaða lagasetningu var frá Neytendastofu. Helstu áherslur sem stofnunin telur brýnt að tekið verði tillit til við gerð frumvarpsins eru þær að skylt verði að hafa löggilt mælitæki í öllum leigubifreiðum sem og að gjaldskrá og leyfisbréf séu sýnileg í þeim.

„Það er nú auðvelt að svara því. Það er ekkert opinbert eftirlit með þeim,“ segir Bjarni Bentsson, sérfræðingur á mælifræðisviði Neytendastofu, aðspurður um hvernig opinberu eftirliti með gjaldmælum sé háttað.




**Neytendastofu barst erindi frá leigubílastöð þar sem kallað var eftir að mælarnir yrðu teknir út.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stofnuninni hafa borist erindi frá innlendum og erlendum ferðamönnum, auk erlendra systurstofnana, um hvort mælitæki leigubifreiða séu háð löggildingareftirliti og hefur það vakið undrun þeirra að svo sé ekki. Margvíslegir utanaðkomandi hlutir geta haft áhrif á mælana, meðal annars dekkjaskipti eða ef átt hefur verið við tækin.

Neytendastofa skilaði drögum að reglugerð um eftirlitið til innanríkisráðuneytisins árið 2012 en þar hafa þau legið og safnað ryki síðan þá. Í nágrannaríkjum Íslands eru gjaldmælar löggiltir með reglubundnum hætti enda mikið hagsmunamál að þeir séu rétt stilltir.

„Á sínum tíma, þegar við vorum að undirbúa drögin að reglugerðinni, þá vorum við í sambandi við þá sem þjónusta bílana og mælana. Þeir segja að þetta sé allt í standi en við höfum það bara eftir þeim,“ segir Bjarni.

„Það hefur engin kvörtun borist til okkar frá neytendum, menn treysta því bara að mælarnir séu í lagi. Við höfum hins vegar fengið ósk frá leigubifreiðastöð um að kanna mælana þar,“ segir hann.

Í athugasemdum Neytendastofu við fyrirhugaða lagasetningu er ekki vikið að þeim sem nýta sér snjalltæknia til mælinga fyrir fargjald. Ýmsir, þar á meðal þingmaðurinn Hanna Katrín Friðriksson, hafa bent á að ef löggiltir gjaldmælar eru gerðir að skilyrði fyrir akstri leigubifreiða felist í því viss aðgangstakmörkun að markaðnum.

„Með umsögn okkar fylgir norsk skýrsla um efnið þar sem verið var að skoða þau smáforrit sem til eru. Við höfum lítið kynnt okkur þau mál,“ segir Bjarni. **joli@frettabladid.is**

# Hlutabréf í Eimskip hækkuðu um sextán prósent

**VIÐSKIPTI** Sala bandaríska fjárfestingarfélagsins Yucaipa Companies á fjórðungshlut sínum í Eimskip til systurfélags Samherja þrýsti upp hlutabréfaverði í flutningafyrirtækinu, en bréfin hækkuðu alls um 15,9 prósent í verði í ríflega 11,4 milljarða króna viðskiptum í Kauphöllinni í gær.

Gengi hlutabréfa í Eimskip stóð í 233 krónum á hlut eftir lokun markaða í gær en það er tæpum sex prósentum hærra en gengið í viðskiptum Yucaipa og Samherja sem var 220 krónur á hlut.

Samherji Holding, sem er félag um erlenda starfsemi Samherja, keypti 25,3 prósenta hlut Yucaipa fyrir 11,1 milljarð króna en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins höfðu Fossar markaðir milligöngu um viðskiptin.

Hlutabréf Eimskips hafa fallið um hátt í 15 prósent í verði frá því í seinni hluta nóvember í fyrra þegar forsvarsmenn Yucaipa sögðust ætla að skoða sölu á eignarhlut sínum. Lægst fór gengið í 189 krónur á hlut í lok maí síðastliðins. Til samanburðar meta greinendur gengi bréfanna á bilinu 250 til 300 krónur á hlut.

Bandaríska fjárfestingarfélagið tók þátt í endurskipulagningu Eimskips í kjölfar fjármálahrunsins haustið 2008. Breytti félagið útistandandi veðtryggðum kröfum í hlutafé og fjárfesti jafnframt fyrir 15 milljónir evra í félaginu en við það eignaðist það 32 prósenta hlut. Árið 2012 seldi Yucaipa 7 prósenta hlut til Lífeyrissjóðs verslunarmanna og sama ár aðstoðaði félagið við skráningu hlutabréfa Eimskips á markað. **– kij**




**Systurfélag Samherja hefur eignast fjórðung í Eimskip.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LAND ROVER

# KOMDU OG REYNSLU-AKTU NÝJUM LAND ROVER Í DAG

ABOVE & BEYOND

landrover.is




## DISCOVERY SE

Nýr Discovery er hæfari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Yfirbygging úr áli gerir hann allt að 490 kg léttari. Endurbætt Terrain Response® drifkerfi og loftpúðafjöðrun sem gerir ökumanni kleift að hækka bílinn upp og ná allt að 28,3 cm veghæð og 90 cm vaðhæð er alger sérstaða í þessum flokki bíla.

DISCOVERY SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 10.290.000 kr.

## DISCOVERY SPORT SE

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem fæst í 5 eða 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni dísilvél, upphitaðri framrúðu, nýrri 9 þrepa sjálfskiptingu og hinu annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

DISCOVERY SPORT SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 6.890.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM87822

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR



Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Arabar reiðir vegna nýrra þjóðríkislaga

**ÍSRAEL** Umdeilt frumvarp um að Ísrael skuli verða þjóðríki Gyðinga var í gær samþykkt á þinginu þar í landi. Löggjöfin kveður á um að Gyðingar hafi sjálfsákvörðunarrétt í landinu og eykur vægi hebresku á kostnað arabísku. Til þessa hafa hebreska og arabíska verið á sama stalli sem opinber tungumál en nú verður arabíska eiginlegt annað tungumál ríkisins.

Þingmenn af arabískum uppruna brugðust illa við samþykkt frumvarpsins og samkvæmt BBC veifaði einn þeirra svörtum fána á meðan aðrir rifu eintök sín í tætlur. Um fimmtungur ísraelskra ríkisborgara er fyrst og fremst arabískumælandi og af arabískum uppruna. Þar á meðal eru fjölmargir Palestínumenn.

Benjamín Netanjahú forsætisráðherra fagnaði samþykktinni og sagði um sögulega stund að ræða. „Ísrael er þjóðríki Gyðinga, og virðir réttindi allra ríkisborgara,“ sagði ráðherrann til að mynda.

Saeb Erekat, formaður samninganefndar Palestínumanna, fordæmdi hins vegar löggjöfina. „Þessi fordómafullu lög munu grafa undan réttindum okkar.“

Í umfjöllun BBC um málið kom fram að hluti ísraelskra stjórnmálamanna hefði áhyggjur af því að hætta væri á að sú hugsjón að Ísrael sé ríki Gyðinga dæi út. Áhyggjur af hárri fæðingartíðni ísraelskra Araba og fjölmörgu öðru hefðu því orðið til þess að þessi umdeilda löggjöf var samþykkt.

Netanjahú hefur ítrekað farið fram á að Palestínumenn viðurkenni Ísrael sem ríki Gyðinga í hverjum þeim friðarsamningi sem kann að vera gerður. Því hefur Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, ætíð hafnað. – þea

# Fella niður handtökuskipanir á hendur Katalónunum fimm

**Carles Puigdemont getur snúið aftur til Belgíu. Verður ekki framseldur til Spánar þar sem hann hefur verið ákærður fyrir uppreisn gegn spænska ríkinu. Lýsti í fyrra yfir sjálfstæði Katalóníu á meðan hann gegndi embætti forseta katalónsku héraðsstjórnarinnar. Merki eru um þíðu í samskiptum Spánar og Katalóníu.**




Aðskilnaðarsinnar í Katalóníu hafa ekki gleymt sínu fólki og krefjast þess daglega að ákærur verði felldar niður og fangar leystir úr haldi. Þeir gátu þó fagnað ákvörðuninni sem tekin var í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**SPÁNN** Hæstiréttur Spánar felldi í gær niður evrópskar handtökuskipanir á hendur Carles Puigdemont, fyrrverandi forseta katalónsku héraðsstjórnarinnar, og fjórum ráðherrum héraðsstjórnar Puigdemonts. Ákvörðunin var tekin eftir að Þjóðverjar neituðu að framselja Puigdemont.

Puigdemont og ráðherrarnir fyrrverandi eiga yfir höfði sér ákæru fyrir uppreisn gegn spænska ríkinu vegna sjálfstæðisyfirlýsingar á síðasta ári og ólöglegra kosninga um sjálfstæði Katalóníu. Þótt handtökuskipanirnar hafi verið felldar niður eru ákærurnar enn í gildi.

Þegar ákærurnar voru gefnar út voru Katalónarnir flúnir til Brussel, höfuðborgar Belgíu. Þar eru þrír ráðherrar enn. Puigdemont er sjálfur í Þýskalandi en hann var handtekinn þar er hann kom yfir landamærin frá Danmörku. Hann var þá á leið aftur til Brussel eftir að hafa fundað með þingmönnum í Finnlandi. Einn ráðherra, Clara Ponsatí, fer fyrir dóm í Skotlandi 30. júlí þar sem tekin verður fyrir framsalskrafa Spánverja.

Níu ráðherrar eru þó á Spáni, fóru aldrei til Brussel, þar sem þeir mega dúsa í fangelsi. Ekki hefur þó verið kveðinn upp dómur í máli neins ráðherra. Þrjátíu ára fangelsisvist er við uppreisnarbrotinu sem héraðsstjórnin fyrrverandi er sökuð um.

Ákvörðun spænska réttarins sýnir, að mati Reuters, þá erfiðleika sem Spánverjar eiga í við að fá önnur Evrópusambandsríki til þess að aðstoða sig við að ná Katalónunum heim. Pablo Llanera, formaður dómsins í málinu, húðskammaði Þjóðverja fyrir að neita að framselja Puigdemont. Sagði þá ekki taka málið alvarlega og að Þjóðverjar væru að grafa undir valdi hæstaréttar Spánar.



Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti Katalóníuhéraðs.

Aamer Anwar, lögmaður Ponsatí, fagnaði fréttum gærdagsins í samtali við Reuters. „Þetta eru stórkostlegar fréttir fyrir skjólstæðing minn og augljóslega einnig fyrir Puigdemont. En sigurinn er ekki í höfn. Nú er spurning hvort spænsk yfirvöld heimili Puigdemont að koma einfaldlega aftur heim til Katalóníu og lýsa yfir sjálfstæði. Ég efast reyndar um það.“

Sjálfur tísti Puigdemont um ákvörðunina og sagði niðurfellinguna sýna fram á hve málstaður Spánverja væri veikur. Nú væri kjörið tækifæri til að krefjast þess að pólitískir fangar yrðu leystir úr haldi.

„Það að leysa fangana úr haldi myndi sýna fram á að spænskir dómstólar væru farnir að starfa eins og aðrir evrópskir dómstólar,“ sagði Puigdemont sem er á leið aftur til Belgíu.

Margt hefur þó breyst í spænskum stjórnmálum frá því Puigdemont flúði land. Vantraust var samþykkt á ríkisstjórn Lýðflokksins undir forsæti Marianos Rajoy og við tóku sósíalistar með Pedro Sanchez sem forsætisráðherra.

Sanchez fundaði nýlega með eftirmanni Puigdemonts, hinum harða aðskilnaðarsinna Quim Torra. Þykir það sýna þíðu í samskiptum yfirvalda á Spáni og í Katalóníu. Sanchez ítrekar þó að atkvæðagreiðslan um sjálfstæði hafi verið ólögleg og að allar hugsanlegar slíkar atkvæðagreiðslur í framtíðinni verði það sömuleiðis. thorgnyr@frettabladid.is




Gott
Í MATINN
HAMBORGARI MEÐ HAVARTI
Góðar hugmyndir að hamborgurum
á gottimatinn.is
HAVARTI

# Enginn við stýrið



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Lífeyrissjóðirnir hafa leikið lykilhlutverk í endurreisn íslensks hlutabréfamarkaðar sem þurrkaðist nánast út við fjármálahrunið. Eftir að hafa fyrst komið að fjárhagslegri endurskipulagningu margra stærstu fyrirtækja landsins urðu þeir einnig langsamlega fyrirferðarmestu fjárfestarnir á hlutabréfamarkaði. Þær ástæður eru vel þekktar. Fjármagnshöft og skortur á einkafjárfestum réðu hvað mestu um en sjóðirnir eiga samanlagt liðlega helming í öllum félögum í Kauphöllinni. Þótt þær fjárfestingar hafi, þegar á heildina er litið, skilað lífeyrissjóðunum ágætri ávöxtun, þá eru nú blikur á lofti.

Vaxandi erlend samkeppni ásamt gríðarmiklum launakostnaði kallar á rekstrarlega endurskipulagningu hjá mörgum fyrirtækjum. Staðan hjá Icelandair, þar sem hlutfall launakostnaðar af tekjum hefur aukist ört og er umtalsvert meira en meðal helstu keppinauta, er ekkert einsdæmi. Fyrir lífeyrissjóðina, sem vita oft og tíðum ekki hvort þeir eigi að vera virkir eða óvirkir hluthafar, er þetta ný staða sem mun reyna mjög á getu og ábyrgð þeirra sem stærstu eigenda flestra skráðra félaga. Meira af því sama, þar sem lífeyrissjóðirnir veita stjórnendum ekki nægjanlega mikið aðhald, er ekki í boði. Afleiðingin hefur verið sú að mörg félög eru án virkra eigenda, með skýra sýn á hverju þurfi að breyta og hvað bæta, sem tryggja að stjórnendur séu látnir gjalda þess þegar reksturinn stendur ekki undir væntingum. Við núverandi aðstæður hefur sjaldnast verið brýnna að vinda ofan þessari þróun.

Til þess að af því verði þurfa hins vegar einkafjárfestar, ásamt erlendum fjárfestingarsjóðum, að gera sig meira gildandi á markaði en hlutabréfaeign þeirra nemur undir 20 prósentum af markaðsvirði allra skráðra fyrirtækja. Það er of lítið. Það skiptir sköpum, eigi að takast að byggja upp heilbrigðan og skilvirkan hlutabréfamarkað, að það náist eðlilegra jafnvægi á milli stærstu stofnanafjárfesta landsins og einkafjárfesta. Svo er alls ekki um þessar mundir þótt ástæða sé til að ætla að það breytist á komandi árum, eins og kaup Samherja á fjórðungshlut í Eimskip gefa mögulega fyrirheit um.

Lítil umsvif einkafjárfesta endurspeglast vitaskuld í samsetningu stjórna fyrirtækja. Þannig eiga aðeins sextán af áttatíu stjórnarmönnum félaga í Kauphöllinni yfir eins prósents hlut í því félagi sem þeir sitja í stjórn hjá.

Meirihluti stjórnarmanna – alls 45 talsins – á aftur á móti engan hlut. Þetta er ekki æskileg staða. Í alltof langan tíma, þegar rekstraraðstæður voru minna krefjandi, hafa of mörg félög komist upp með að vera í reynd nánast eigendalaus. Sá tími er liðinn. Lífeyrissjóðirnir þurfa að gera það upp við sig hvort þeir ætli að leggja sitt af mörkum til að knýja á um nauðsynlegar breytingar, sem hljóta að felast meðal annars í sársaukafullum hagræðingaraðgerðum hjá ýmsum fyrirtækjum, eða eftirláta það verkefni öðrum fjárfestum. Eitt er að minnsta kosti víst. Ef enginn er við stýrið, þá mun þetta ekki enda vel.

**Meira af því sama, þar sem lífeyrissjóðirnir veita stjórnendum ekki nægjanlega mikið aðhald, er ekki í boði.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Óánægja**

**Það hefur ekki farið fram hjá neinum að Píratar voru ekki mjög kátir með það að Piu Kjærsgaard, þingforseta Dana, hefði verið boðið að flytja ávarp á hátíðarfundi Alþingis í fyrradag. Skoðanir Piu í innflytjendamálum þykja í besta falli umdeildar og sniðgengu Píratar fundinn af þeim sökum. Fulltrúi þeirra í forsætisnefnd, Jón Þór Ólafsson, sem og áheyrnarfulltrúi Viðreisnar í nefndinni, Þorsteinn Víglundsson, hafa kallað eftir svörum vegna málsins og vilja vita hvenær þetta var ákveðið. Í frétt á heimasíðu Alþingis frá 20. apríl kemur fram að Pia muni flytja slíkt ávarp.**

**Erfið fæðing**

**Ljósmæður hvika hvergi með kröfur sínar. Í gær mættu þær á sáttafund og tilkynntu fyrir hann að enginn afsláttur yrði gefinn. Óhjákvæmilegt er að klóra sér í kollinum yfir þeirri afstöðu. Fyrirsjáanlegt er að haldi málið áfram á þessari braut muni kjaradeilan enda með lögbanni á verkfallsaðgerðir og í gerðardómi. Í ljósi reynslu og óánægju ljósmæðra með niðurstöðu gerðardóms í gegnum tíðina er nær óskiljanlegt að samninganefnd þeirra sé að beina málinu þangað í stað þess að koma til móts við gagnaðila sinn að hluta.**

**joli@frettabladid.is**

# Lungu borgarinnar



Hildur Björnsdóttir
borgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík

Þéttbýlismyndun hefur vaxið á undanliðnum áratugum. Afgerandi meirihluti Evrópubúa er nú búsettur í borgum. Búsetu í þéttu borgarumhverfi fylgja fjölmargir kostir, en búsetan takmarkar gjarnan beinan aðgang að óspilltri náttúru. Hún veldur áreiti með aukinni hljóð- og loftmengun. Það er því hverjum þéttbýlingi nauðsynlegt að eiga greiðan aðgang að grænum svæðum. Þannig má stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu en ekki síður bættum loftgæðum. Þetta hefur alþjóðaheilbrigðisstofnunin staðfest. Með hliðsjón af mannfjöldaspám og sífellt þéttari byggð verður hlutverk grænna svæða í borgarlandinu enn veigameira. Það vöknuðu því réttmætar áhyggjur þegar tillögur að deiliskipulagi við Elliðaárnar voru nýverið kynntar í skipulagsráði. Þar urðu ljós þau áform meirihluta borgarstjórnar að hefja umfangsmikla uppbyggingu mannvirkja – og lagningu hátt í 350 bílastæða – á grænu svæði við Elliðaárnar.

Í gærdag bárust svo fregnir af lagningu nýrra hitaveitustokka undir Elliðaánum. Framkvæmdin mun óhjákvæmilega leiða af sér mikið umhverfisrask og hafa í för með sér neikvæð áhrif á viðkvæmt lífríki dalsins. Þar bættist grátt ofan á svart. Fjölmargar erlendar borgir hafa staðið frammi fyrir sama freistnivanda – að hefja húsnæðisuppbyggingu á opnum grænum svæðum. Um tíma voru uppi hugmyndir um uppbyggingu húsnæðis í Central Park. Þær tillögur hlutu ekki brautargengi. Sem betur fer. Það er hættulegt að stíga fyrsta skrefið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn telja rétt að horfið verði frá áformum um uppbygginguna við Elliðaárnar. Við leggjum til að Elliðaárdalurinn og nærliggjandi svæði verði friðlýst eftir ákvæðum náttúruverndarlaga. Núverandi staða Elliðaárdals í skipulagi kemur hvorki í veg fyrir uppbyggingu húsnæðis né lagningu bílastæða í námunda við Elliðaárnar. Þessu þarf að breyta.

Stöndum vörð um viðkvæmt lífríki Elliðaárdalsins. Gætum að grænum svæðum í borgarlandinu. Vinnum að bættum loftgæðum og gróðursetjum fleiri tré. Tryggjum að uppbygging svæðanna snúi eingöngu að bættri aðstöðu til útivistar og afþreyingar. Stöndum vörð um veigamikið hlutverk Elliðaárdalsins – og annarra grænna svæða – þau eru lungu borgarinnar.

**Með hliðsjón af mannfjöldaspám og sífellt þéttari byggð verður hlutverk grænna svæða í borgarlandinu enn veigameira.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Takk fyrir lexíurnar

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Það hafði einhvern veginn legið í loftinu að Heimir Hallgrímsson myndi ekki halda áfram með landsliðið eftir HM í Rússlandi. Samt var hin endanlega staðfesting á því sem alla grunaði fréttin sem engan langaði til þess að heyra. Tíminn sem við höfum upplifað með landsliðinu á undanförnum árum virðist stundum vera óraunverulegur. Meira eins og skáldsaga en raunveruleiki. Eða eins og sjónvarpsþáttasería sem leiðir okkur stöðugt lengra inn í heim ólíkinda án þess að maður taki eftir því hversu fjarstæðukennd hún er orðin. Og þegar Heimir hætti þá er eins og seríunni sé lokið eða uppáhaldskarakter hafi verið skrifaður út úr sögunni. Maður veit ekki hvað tekur við, hvort það verður betra eða verra—bara að það verður aldrei eins.

Þannig hefur ferðin með íslenska landsliðinu verið frá því Heimir kom inn í þjálfarateymið. Hlutir sem virtust fjarlægir og ómögulegir eru orðnir hversdagslegir. Liðið fór úr dýpstu lægðum sögunnar (Ísland var í 131. sæti á heimslista FIFA í mars 2012) og upp í 18. sæti á heimslistanum sex árum síðar.

**Að standa ekki í stað**

Það er mikil kúnst að hætta á réttum tíma og sagan geymir kynstrin öll af dæmum um alls konar hetjur á öllum sviðum sem þekkja ekki köllunartíma sinn. Tilkynning Heimis á þessum tímapunkti er sambærileg við það ef íslenskur stjórnmálamaður hefði orðið forsætisráðherra, setið í tæp tvö kjörtímabil, stýrt mikilli uppbyggingu og verið vinsæll og elskaður en ákveðið svo að láta af embætti og hætta afskiptum af stjórnmálum þrátt fyrir yfirgnæfandi stuðning frá kjósendum um að halda áfram. Kanntu annan?

Heimir talar um að hann telji að íslenska landsliðið hefði gott af að fá nýja rödd og hann hefur áhyggjur af því að þrátt fyrir ótrúlegan árangur þá kynni þaulseta hans í starfi landsliðsþjálfara fljótlega hætta að vera sniðug hugmynd. Það segir vitaskuld ekkert um Heimi Hallgrímsson, heldur er það einfaldlega staðfesting á því sem annar Hallgrímsson orti: „Það er svo bágt að standa í stað, því mönnunum munar annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið.“

Það sem einkenndi blaðamannafund Heimis á mánudaginn var auðmýkt og þakklæti. Heimir hefði eflaust getað látið halda stjörnum prýdda hátíð sér til heiðurs, kannski á Þingvöllum með Lars Lagerbäck sem ræðumann, og hugsanlega hefðu jafnvel haldur fleiri mætt þangað heldur en Pia Kjærsgaard trekkti að í vikunni. En það hefði auðvitað ekki verið stíll Heimis eða íslenska landsliðsins. Þess í stað hélt hann látlausan fund þar sem hann þakkaði fyrst af öllu fólkinu í kringum liðið sem honum finnst ekki hafa fengið nægilega athygli. Hann þakkaði stuðningsmönnunum. Hann þakkaði meira að segja íslensku fjölmiðlunum og sagði að þeir væru betri og fagmannlegri en það sem hann hafi orðið vitni að annars staðar í heiminum.

**Að vera eða gera**

Ég hef auðvitað ekki hugmynd um hvað það var sem raunverulega réði ákvörðun Heimis Hallgrímssonar um að hætta með landsliðið. En ég hef ákveðnar kenningar um hvatirnar.

Það er nefnilega þannig með flest störf og embætti að það er hægt að nálgast þau með tvennum ólíkum hætti. Annars vegar getur fólk orðið mjög upptekið af því að vera í háu embætti. Það er flott að fá að vera ráðherra, þingmaður, forstjóri, deildarstjóri, ritstjóri, skipstjóri eða landsliðsþjálfari. Og vitaskuld er ekkert rangt við það að bera virðingu fyrir þeim embættum sem þeim er treyst fyrir. Hins vegar hættir fólki sem filar embættisheitin umfram allt annað til þess að láta öll störf sín fljótlega fara að snúast um það fyrst og fremst að halda sér í sér í æðra embætti. Þeir sem festast í þessum hugsunarhætti eru uppteknastir af því að vera eitthvað.

Hin leiðin er að líta á valdamiklar stöður sem tækifæri til þess að gera eitthvað. Þess háttar hugsunarháttur gerir menn eflaust frekar kærulausa um eigin hagsmuni, því þótt þeir telji sig þurfa völdin sem fylgja stöðunni þá hafa þeir yfirleitt ekki neinar grillur um að þeir séu ómissandi og líta ekki svo á að þeir verði stærri en liðið. Það er auðvitað þetta hugarfar sem gert er ráð fyrir þegar einstaklingum eru veitt völd; völdin eru ekki ætluð til þess að leyfa þeim að upphefja sjálfa sig heldur til þess að þeir geti með góðu móti og af trúmennsku sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað. Ætli það sé ekki óhætt að gruna Heimi Hallgrímsson um þennan hugsunarhátt frekar en hinn.

**Til fyrirmyndar**

Af mörgum ágætum lexíum sem draga má af velgengni íslenska landsliðsins, og því aðdáunarverða hugarfari sem einkennir liðið, þá finnst mér viðskilnaður Heimis vera ein sú verðmætasta.

Nálgun hans á starfið hefur sýnt að það er hægt að bera virðingu fyrir andstæðingnum án þess að óttast hann; að hafa botnlaust sjálfstraust án þess að vera hrokafullur; bera sig af glæsimennsku án hégóma—og kannski umfram allt, að hugsa miklu meira um að gera eitthvað heldur en að vera eitthvað.

> Tilkynning Heimis á þessum tímapunkti er sambærileg við það ef íslenskur stjórnmálamaður hefði orðið forsætisráðherra, setið í tæp tvö kjörtímabil, stýrt mikilli uppbyggingu og verið vinsæll og elskaður en ákveðið svo að láta af embætti og hætta afskiptum af stjórnmálum þrátt fyrir yfirgnæfandi stuðning frá kjósendum um að halda áfram. Kanntu annan?

# Öryrkjar borga mun meira en áður



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður Öryrkjabandalags Íslands



Emil Thoroddsen
formaður málefnahóps ÖBÍ um heilbrigðismál

Sumt er gott. Annað bara alls ekki. Þetta er í stuttu máli reynslan af nýju greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu sem tók gildi fyrir rúmu ári.

Sjúkratryggingar Íslands birtu nýlega skýrslu yfir þetta fyrsta ár. Þar er bent á ýmislegt jákvætt. Til dæmis forvarnir. Sjúkra-, iðju- og talþjálfun eru nú hluti kerfisins. Þetta eru mikilvægir þættir sem margir hafa þurft að neita sér um vegna kostnaðar. En það er að fleiru að hyggja.

Núverandi og fyrrverandi heilbrigðisráðherra (sá sem var í embætti þegar kerfið var mótað) hafa nýverið mært nýja kerfið og einblínt á kostina. Næstu skref verði að lækka greiðsluþátttöku sjúklinga enn frekar. Enginn mælir á móti því. Það er bæði brýnt og mikilvægt að draga úr kostnaði fólks við heilbrigðisþjónustu.

Yfirlýst markmið með nýja kerfinu voru og eru að létta kostnaði af þeim sem mest þurftu að borga: Örorku- og ellilífeyrisþegum. Reynslan sýnir aftur á móti að almennir notendur hafa haft áberandi mestan hag af kerfinu. Það er gott svo langt sem það nær, en þetta má ekki bitna á öðrum. Það er sá veruleiki sem nú blasir við eftir rúmt ár í nýju kerfi.

**Óviðráðanleg upphafsgreiðsla**

Kerfið er byggt upp með hámarksgreiðslu í fyrsta mánuði nýs tímabils. Síðan lækka greiðslurnar. Þessi fyrsta greiðsla er óviðráðanleg fyrir fjölda fólks sem hefur lítið sem ekkert milli handanna. Þannig er í kerfinu lagður stór steinn í götu efnaminna fólks. Fólks sem jafnframt berst í bökkum með lágan lífeyri og stórkostlega óréttlátar skerðingar á öllum öðrum tekjum.

Áður var það svo að lífeyrisþegar greiddu hlutfallslega aldrei meira en um helming almennra notendagjalda í heilbrigðiskerfinu, stundum minna. Staðan er verri í nýja kerfinu. Nú verða lífeyrisþegar að greiða hlutfallslega mun meira, eða 2/3, þvert gegn yfirlýstum markmiðum. Hér erum við að horfa upp á afleiðingar pólitískra ákvarðana í verki. Hvað skýrir þennan hrópandi mun á orðum og gjörðum stjórnmálamanna?

Á þetta var bent áður en nýja kerfið tók gildi. Fyrir því voru færð skýr rök og þeim komið rækilega á framfæri, að kostnaðarþátttaka lífeyrisþega ætti ekki að fara yfir þriðjung af almennum notendagjöldunum.

**Kerfið er fyrir fólk**

Öryrkjabandalag Íslands hvetur stjórnvöld til þess að vinna í samræmi við markmiðin. Það verður að grípa til aðgerða strax. Það þarf að koma greiðsluhlutfallinu niður í þriðjung og lækka óviðráðanlegar greiðslur í upphafi tímabils. Þess fyrir utan eru þökin of há.

Þetta snýst um fólkið sem minnst hefur milli handanna og þarf mest á þjónustunni að halda. Það þarf að laga þessa vitleysu. Getum við ekki öll verið sammála um það?

HB GRANDI

ÍSLENSKA SIA.IS GRA 88946 07/18

HLUTHAFAFUNDUR

Hluthafafundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 27. júlí 2018 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík og hefst hann klukkan 15:00. Fundurinn fer fram á íslensku.

Dagskrá

1. Kjör tveggja stjórnarmanna
2. Önnur mál
   a. Tillaga Gildis lífeyrissjóðs til ályktunar vegna tilnefningarnefndar.

**Framboð til stjórnar**

Hluthöfum er bent á að samkvæmt 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm sólarhringum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Framboðum skal skila á skrifstofu HB Granda, Norðurgarði 1 eða á netfangið **hluthafafundur@hbgrandi.is**. fyrir kl. 15:00 sunnudaginn 22. júlí 2018. Tilkynnt verður um framkomin framboð tveimur dögum fyrir hluthafafundinn.

**Önnur mál**

Tillaga Gildis lífeyrissjóðs til ályktunar vegna tilnefningarnefndar.

**Aðrar upplýsingar**

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:

a) Veitt öðrum skriflegt umboð.
b) Greitt atkvæði skriflega.

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins www.hbgrandi.is

**Stjórn HB Granda hf.**

# Meira avocado





BAKARÍIÐ

**Steinbakað súrdeigsbrauð**

Steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur

Tilboð gilda út 22. júlí



**Avocado fullþroskað**

**1.199** kr/kg



**Avocado fullþroskað 2 stk í pk.**

**499** kr/pk



**Avocado lífrænt 2 stk í pk.**

**599** kr/pk



**Avocado í neti 750 g**

**599** kr/pk




**Marzetti salatdressingar**

Fullkomnaðu salatið með Marzetti

**799** kr/stk




**Llanllyr Source**

Ginger Beer og Fiery Ginger Beer

verð frá **199** kr/stk



**Maria and Ricardo´s tortillur**

10 tegundir af ferskum tortillum, 3 mismunandi stærðir

verð frá **449** kr/pk

# Meira úrval




**Sósur sem gera góðan borgara betri**

**349** kr/stk

ÍSLANDS NAUT

## Smash Style

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g |
|---|---|---|
| **450** kr/pk | **501** kr/pk | **552** kr/pk |
| Verð áður 529 | Verð áður 589 | Verð áður 649 |

## EXTRA STÓRIR

2 x 250 g

**1.039** kr/pk
Verð áður 1.299

**Stokes Burger Relish**

Fyrir sælkera borgara

**599** kr/stk




25% afsláttur

**Kjúklingalæri með legg**

**749** kr/kg
Verð áður 999 kr/kg




20% afsláttur

**Grískar grísahnakkasneiðar**

**1.999** kr/kg
Verð áður 2.499 kr/kg




15% afsláttur

**Kjúklingalundir**

**2.039** kr/kg
Verð áður 2.399 kr/kg

**HAGKAUP**

*Meira svona alla daga*

## Jafn ríkjandi meistara á Opna breska




**Í góðum félagsskap** Haraldur Franklín Magnús lék fyrsta hringinn á Opna breska meistaramótinu í golfi á einu höggi yfir pari. Þetta er í 147. sinn sem mótið er haldið en það er elst af risamótunum fjórum. Haraldur, sem er fyrsti íslenski karlinn sem keppir á risamóti, er í 50. sæti, jafn mönnum á borð við Justin Rose, Lee Westwood og Jordan Spieth sem vann mótið í fyrra. Haraldur hefur leik á ný klukkan 14.54 í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

# Draumaferð til Tyrklands

**HK/Víkingur hefur komið liða mest á óvart í Pepsi-deild kvenna í sumar. Eftir þrjá sigra í röð er liðið komið upp í efri hluta deildarinnar. Fyrirliði HK/Víkings segir lykilatriði að vinna leikina gegn liðunum í kring.**

**FÓTBOLTI** Þegar 10 umferðir eru búnar af Pepsi-deild kvenna situr HK/Víkingur í 5. sæti með 13 stig, sjö stigum frá fallsæti. Í árlegri spá forráðamanna félaganna í Pepsi-deildinni var HK/Víkingi spáð falli.

Tinna Óðinsdóttir, fyrirliði HK/Víkings, kveðst ánægð með uppskeruna hingað til en segir jafnframt að hún sé ekki framar vonum.

„Við höfum náð stigum á móti liðum sem við bjuggumst alveg við að ná stigum af frá upphafi. Ég myndi ekki segja að þetta sé neitt framar vonum. En við erum ánægðar með að hafa klárað þessa leiki,“ sagði Tinna í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún ítrekaði mikilvægi þess að vinna sex stiga leikina gegn liðunum sem var spáð svipuðu gengi og HK/Víkingur fyrir tímabilið.

„Það er mjög auðvelt að gíra sig upp fyrir leiki á móti stærri liðum. Aðaláskorunin voru leikirnir á móti liðunum sem ég myndi telja að væru neðar í deildinni. Það hefur gengið ágætlega en við töpuðum reyndar á móti Selfossi og náðum bara í eitt stig á móti Grindavík sem voru smá vonbrigði. Við rifum okkur svo upp úr því og unnum næstu þrjá leiki. En við töldum okkur alltaf vera jafn gott ef ekki betra en þessi lið.“

HK/Víkingur fór í æfingaferð til Tyrklands fyrir tímabilið sem heppnaðist afar vel. Þar fann liðið tvo tyrkneska leikmenn. Miðjumaðurinn Fatma Kara kom í vor og hefur reynst happafengur fyrir HK/Víking. Og í þessum mánuði bættist framherjinn Kader Hancar í hópinn en hún skoraði í sínum fyrsta leik fyrir HK/Víking.

„Við áttum æfingaleiki á móti Besiktas og CSKA Moskvu. Við vorum með Besiktas á hóteli og Fatma hafði áhuga á að koma til okkar því tímabilið úti kláraðist í raun á sama tíma og okkar tímabil byrjaði. Það var mikil lukka. Fatma er þvílíkt góður leikmaður og Kader kom vel út í fyrsta leiknum,“ sagði Tinna um tyrkneska samherja sína.

Þrátt fyrir gott gengi hingað til segir Tinna að aðalmarkmið HK/Víkings sé enn það sama; að halda sér í Pepsi-deildinni. Þetta er þriðja tímabil liðsins í efstu deild en í fyrri tvö skiptin féll það strax aftur niður í næstefstu deild.

„Markmiðið er að halda okkur í deildinni. Það er númer eitt, tvö og þrjú. Svo er allt annað plús. Við erum ánægð eins og staðan er núna og liðið hefur aldrei verið ofar í Íslandsmóti þannig að við leyfum okkur að njóta þess,“ sagði Tinna að lokum. ingvithor@frettabladid.is




Tinna Óðinsdóttir er fyrirliði HK/Víkings í Pepsi-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




## Nýjast

**Forkeppni Evrópudeildarinnar**

**Nomme Kalju - Stjarnan 1-0**
1-0 Alex Matthias Tamm (88.).

*Stjarnan vann einvígið, 3-1 samanlagt, og mætir FC København í næstu umferð.*

**Sarpsborg - ÍBV 2-0**
1-0 Mikkel Fauerholdt Agger (13.), 2-0 Agger (82.).

*Sarpsborg vann einvígið, 6-0, samanlagt og mætir St. Gallen í næstu umferð.*

**FH - Lahti 0-0**

*FH vann einvígið, 3-0 samanlagt, og mætir Hapoel Haifa í næstu umferð.*

**Inkasso-deild karla**

**Þór - Haukar 4-1**
0-1 Arnar Aðalgeirsson (14.), 1-1 Alvaro Montejo Calleja, víti (54.), 2-1 Ármann Pétur Ævarsson (57.), 3-1 Bjarki Þór Viðarsson (60.), 4-1 Óskar Elías Zoega Óskarsson (78.).

**Selfoss - Fram 1-3**
0-1 Helgi Guðjónsson (35.), 0-2 Guðmundur Magnússon (54.), 0-3 Tiago Fernandes (78.), 1-3 Gilles Mbang Ondo (81.).

**Leiknir R. - ÍA 0-0**

**Inkasso-deild kvenna**

**Fjölnir - Þróttur 2-1**
1-0 Sara Montoro (9.), 2-0 Harpa Lind Guðnadóttir (31.), 2-1 Gabriela Maria Mencotti, víti (77.).

**Keflavík - ÍR 2-0**
1-0 Marín Rún Guðmundsdóttir (65.), 2-0 Aníta Lind Daníelsdóttir (85.).




**Thelma Lind Kristjánsdóttir, Íslandsmethafi í kringlukasti.** MYND/FRÍ

## Bætti 36 ára Íslandsmet

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Thelma Lind Kristjánsdóttir, tvítugur ÍR-ingur, bætti í gær 36 ára gamalt Íslandsmet í kringlukasti kvenna. Thelma kastaði 54,69 metra á kastmóti UMSB í blíðviðri í Borgarnesi.

Gamla Íslandsmetið var í eigu Guðrúnar Ingólfsdóttur en það var 53,86 metrar.

Thelma hafði áður lengst kastað 52,80 metra. Hún bætti sitt persónulega met því um tæpa tvo metra.

Thelma varð Íslandsmeistari í kringlukasti um síðustu helgi. Hún kastaði þá 49,85 metra. – iþs

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 20. JÚLÍ 2018



Teitur Magnússon lætur helst ekki stjórnast af stöðluðum kröfum samfélagsins. Von er á annarri sólóplötu hans í lok júlí . MYND/ÞÓRSTEINN

# Geri ekkert sem ég vil ekki gera

Tónlistarmaðurinn Teitur Magnússon kynnir efni af væntanlegri plötu á tónleikum í kvöld í Kvartýru N 49 á Laugavegi. Nýja platan kemur út þann 27. júlí, hún hefur fengið heitið Orna og eru nokkur lög þegar komin í spilun. →2




Framhald af forsíðu ➪

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is

Orna er önnur sólóplata tónlistarmannsins Teits Magnússonar en áður hafði hann sent frá sér plötuna 27. Þá er Teitur meðlimur í hljómsveitunum Ojba Rasta og Slugs. Fram undan er tónleikaferð um Vesturland, Vestfirði og Danmörku í ágúst.

Teitur lýsir tónlist sinni sem tilraunakenndri, „sækadelískri“ blöndu af þjóðlaga- og dægurtónlist. Hann syngur allt sitt á íslensku og segir engu máli skipta þó útlendingar skilji ekki hvað hann er að segja, það sé tónlist í tungumálinu sjálfu.

„Ég heyrði til dæmis lag um daginn, einhvers konar eistneska útgáfu af „diskó funki“ samið á Sovét-tímanum. Maður skilur ekkert hvað söngkonan er að segja en það er svo mikil tónlist í tungumálinu og í framburðinum. Mér finnst það sama með íslenskuna,“ segir Teitur. Innblásturinn sæki hann alls staðar að úr umhverfinu og ekkert endilega tónlist.

„Ef ég væri alltaf að hlusta á það sama væri það eins og að borða alltaf sama matinn. Þá missir maður fljótt matarlystina. Ég sæki í einfaldleikann, ég hlusta á fuglana syngja, fólk segja sögur og bara á það sem kemur til mín. Fyrirmyndirnar hafa verið mjög margar í gegnum tíðina. Oft er það karakterinn sem hefur mestu áhrifin á mann. Maður litur alltaf upp til einhverra þegar maður er að alast upp,“ segir Teitur og nefnir listamenn eins og Bob Marley, David Bowie og Bítlana. „Þetta eru þeir sem ég hef gleymt mér mest í.“

### Stikkfrí í heimspekinni

„Sumir vilja útskýra alla hluti á vísindalegan hátt en mín áhugamál eru loftkenndari. Mannlegheit vekja áhuga minn. Þar er alltaf von á einhverju skemmtilegu og aldrei neitt niðurnjörvað,“ segir Teitur, spurður út í önnur áhugamál en tónlistina. „Mér finnst gott að fá kyrrð til þess að semja tónlist en svo vil ég félagsskap. Það er gott að leyfa fólki að heyra það sem maður er að vinna í. Ég lærði heimspeki í Háskóla Íslands, fannst allt hitt námið færiband inn í einhvers konar þjónustu við ríkjandi stefnu en það fylgja því svo miklar kröfur að fólk fari beint að vinna við það sem það lærir. Það gerir enginn slíkar kröfur á heimspeking,“ segir Teitur. Hann láti helst ekki stjórnast af stöðluðum kröfum samfélagsins. Þegar fjölskyldan bjó í Skotlandi þegar Teitur var tólf ára, hafi hann séð heiminn í nýju ljósi.

### Bara múrsteinn í vegg

„Fjölmiðlar sýna manni það sem er að gerast í hringiðunni í London, en í úthverfi Glasgow býr ekki fólkið sem maður sér í sjónvarpinu! Það var uppgötvun þegar ég áttaði mig á að ég bjó í úthverfi heimsveldis. Ég gekk í þúsund manna skóla, allir í skólabúningum og elstu krakkarnir voru 16 ára. Maður týndist algerlega í fjöldanum. Þegar skólaárinu lauk áttu krakkarnir að ákveða hvað þau ætluðu að verða, slökkviliðsmaður, lögfræðingur, strætóbílstjóri eða enda annars sem úrhrök. Það var upplifun að fatta að svona er hinn stóri heimur, flestir lifa þessu lífi og eru bara múrsteinn í vegg eins og Pink Floyd sungu. Við Íslendingar upplifum okkur svo nána valdhöfum og frægu fólki, hér eru allir frændur eða vinir vina manns. Ég var feginn að komast heim aftur,“ segir Teitur. Sautján ára fór hann sem skiptinemi til Mexíkó og þar með hafi hann losnað endanlega við alla útþrá. „Ég lærði að meta Ísland,“ segir hann, hér geti hann verið sinn eigin herra og „níu til fimm“ hafi litla merkingu í hans huga.

„Mér finnst gott að fara í sund og göngutúra, spila körfubolta eða kíkja á tónleika. En þetta er allt hluti af lífsstílnum, ég er alltaf í vinnunni. Ég geri ekkert sem ég vil ekki gera. Sem er auðvitað lúxus. Maður þarf að finnast maður eiga það skilið,“ segir hann sposkur. „Maður hefur alltaf val um það hvernig maður tekst á við aðstæður.“

### Tanntakan spennandi

Teitur er fjölskyldumaður, í sambúð með Þorgerði Gefjun Sveinsdóttur og saman eiga þau tvö börn, Baldur, níu mánaða og Ingileif, þriggja ára. Teitur segir börn óneitanlega breyta lífsstílnum. „Þetta er dálítið viðvera,“ segir hann en gefur samt lítið fyrir að níu mánaða og þriggja ára séu krefjandi aldur. „Ég held að það sé ekkert til sem heitir „erfiður aldur“. Sumir virðast til dæmis alltaf vera á erfiðum aldri. Þetta eru miklir breytingatímar og mikið að gerast hjá krökkunum sem gaman er að fylgjast með, hvort sem það eru tennur að koma eða tungumálið að þróast. Maður fær alls konar hugmyndir út frá því að fylgjast með slíkri þróun,“ segir Teitur.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 18 í Kvartýru N 49 á Laugavegi 49. Á sunnudaginn heldur Teitur Pikknikk tónleika í Norræna húsinu klukkan 15. Þá verður sértakt Orna hlustunarteiti á Kaffi Vínyl þann 25. júlí klukkan 20.



„Mér finnst gott að fá kyrrð til þess að semja tónlist en svo vil ég félagsskap. Það er gott að leyfa fólki að heyra það sem maður er að vinna í.“ MYND/ÞORSTEINN



Teitur á tónleikum í Raufarhólshelli á vegum Secret Solstice Festival.



Fjölskyldan. Teitur og Þorgerður Gefjun með börnin, Ingileif og Baldur. Stilla úr myndbandi við lagið: Hverra manna? sem unnið var í samvinnu við Gjörningaklúbbinn. MYND/SIGURÐUR UNNAR BIRGISSON




MARAÞON

Sérblað Fréttablaðsins kemur út 27. júlí nk.

Vilt þú minna á þitt góðgerðarfélag í sérblaði Fréttablaðsins um maraþon?

Nánari upplýsingar veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Ný áhrifarík meðferð við leggangaþurrki



Smaronia er náttúrulegt gel í leggöng sem hlotið hefur viðurkennda virkni sem lækningavara.

**Íslenska lyfjafyrirtækið Florealis hefur sett á markað Smaronia sem er einstök meðferð við leggangaþurrki og öðrum óþægindum á kynfærasvæði sem oft tengjast tíðahvörfum.**

Smaronia er náttúrulegt gel í leggöng sem hlotið hefur viðurkennda virkni sem lækningavara. „Gelið inniheldur hýalúrónsýru, sem veitir góðan raka, og rauðsmára (e. red clover) sem stuðlar að þykkari legslímhúð og eykur teygjanleika hennar," segir Elsa Steinunn Halldórsdóttir, doktor í lyfja- og efnafræði náttúruefna og þróunarstjóri Florealis.

„Auk þess eru efnasambönd í gelinu sem mynda varnarhjúp sem viðheldur náttúrulegum raka í slímhúð legganga ásamt því að veita vörn gegn ertandi efnum og örverum. Þannig myndar Smaronia kjöraðstæður fyrir slímhúðina að endurnýja sig og viðhalda heilbrigði legganga," bætir Elsa við.



**„Smaronia er margprófað og sýna niðurstöður klínískra rannsókna að um er að ræða áhrifaríka meðferð við þurrki, sviða og særindum í leggöngum.**

Elsa Steinunn Halldórsdóttir

### Leggangaþurrkur er algengur vandi

Konur á öllum aldri geta upplifað þurrk í leggöngum, t.a.m. eftir barnsburð, þótt tíðnin aukist umtalsvert um og eftir tíðahvörf. Þetta er vandamál sem konum finnst almennt ekki þægilegt að ræða um og þær upplifa því oft á tíðum að vera einar um að kljást við þennan vanda.

Talið er að aðeins um fjórðungur kvenna sem upplifa þessi óþægindi sæki sér meðferð. Leggangaþurrki geta fylgt ýmis önnur óþægindi eins og kláði, sviði og sársauki við samfarir.

### Smaronia veitir áhrifaríka meðferð

„Smaronia er margprófað og sýna niðurstöður klínískra rannsókna að um er að ræða áhrifaríka meðferð við þurrki, sviða og særindum í leggöngum," segir Elsa. „Þegar slímhimnan í leggöngunum þynnist og þornar getur hún orðið viðkvæm fyrir ertandi efnum og árásum sýkla úr umhverfinu en tíðni sýkinga í leggöngum eykst um og eftir tíðahvörf. Við teljum því að Smaronia geti hjálpað fjölda kvenna að öðlast meiri lífsgæði," segir Elsa að lokum.

Smaronia fæst í öllum helstu apótekum. Frekari upplýsingar um vöruna er að finna á www.florealis.is.

# Rauði skósólinn sigrar heiminn og geiminn

**Christian Louboutin er þekktur um allan heim fyrir einstaka skóhönnun, en hans helsta vörumerki er rauði sólinn sem hefur náð fótfestu sem eitt þekktasta tískutákn heims.**



Paris Hilton er meðal aðdáenda Louboutin og sýnir hér ljósmyndurum sólann.



Louboutin skór til sýnis á frumsýningu á Star Wars myndinni The Last Jedi en Louboutin hannað skólínu sem er innblásin af myndinni. Þessir skór eiga að tákna Rey, aðalpersónu myndanna en eins og sjá má glittir í rauða sólann.

Christian Louboutin fann ungur ástríðu sína fyrir skótaui þegar hann fór á Afríku- og Eyjaálfusafnið í París tólf ára að aldri, þar sem var til sýnis skilti þar sem konum var bannað að fara í hvössum pinnahælum inn í bygginguna því hælarnir myndu eyðileggja gólfið. Ímyndin brenndi sig inn í huga hans og hann sagði síðar að hann hefði langað til að hanna eitthvað sem braut allar reglur og gaf konum sjálfstraust og vald. Háir pinnahælar eru rauður þráður í hönnun hans en ekki síður rauði sólinn sem gefur skóm hans sérstakt yfirbragð og keppast stjörnur og auðkýfingar um að sýna sólann við mikilvæg tækifæri og þar með hvað þau eru fín og í takt við tískuna. Sagan segir að rauði sólinn hafi komið þannig til að Christian var að velta fyrir sér skóm sem voru nýkomnir úr verksmiðjunni. Hann var ekki alveg sáttur við útkomuna en vissi ekki hvað vantaði. Við hlið hans sat aðstoðarkona hans og lakkaði neglurnar á sér með eldrauðu naglalakki. Eins og í draumi (hefur hann sagt síðar) tók hann naglalakkið úr höndum hennar og hóf að lakka sólann á skónum sem skyndilega fékk alveg nýtt og spennandi yfirbragð. Einn helsti viðskiptavinur hans var Karólína prinsessa af Mónakó sem þá var ein helsta tískufyrirmynd heimsins og myndir af henni að veifa rauða sólanum urðu til þess að æði braust út og allir sem voru eitthvað í tísku- og skemmtanaiðnaðinum urðu að eignast Louboutin pinnahæla með rauðum sóla. Skór hans eru einnig oft á tíðum skreyttir með fjöðrum, slaufum og glitsteinum. Skórnir eru aukinheldur með afar háum hæl, tólf sentimetra og hærri. Til gamans má geta þess að rauði sólinn er í litatóni sem heitir Pantone 18-1663 TPX. Stærsti viðskiptavinur Louboutins er bandaríski rithöfundurinn Danielle Steel sem er sögð eiga meira en sex þúsund skópör úr smiðju hans og keypti eitt sinn áttatíu pör í einni verslunarferð.

Louboutin er mannvinur mikill og hefur fundið ýmsar leiðir til að láta gott af sér leiða. Hann hefur til dæmis tekið höndum saman við Disney-fyrirtækið og hannað skó í anda sögupersóna í myndum fyrirtækisins. Nýjasta dæmið er skólína sem fær innblástur úr nýjustu Star Wars-myndunum, The Force Awakens og The Last Jedi en þar segist Louboutin fagna hinum sterku kvenpersónum myndanna með því að gera skó þeim til heiðurs enda hefur hann löngum sagt að hann líti á himinháa hælana á hönnun sinni sem vopn konunnar. Þannig er hællinn á skónum sem kenndir eru við Rey, aðalpersónuna í nýjasta Star Wars þríleiknum blár í stíl við geislasverðið sem hún bregður fyrir sig eftir þörfum og á öllum skónum eru skreytingar sem minna á bardagageimskip úr myndunum. Aðeins voru framleidd fjögur pör af Stjörnustríðsskónum, eitt af hverri tegund og voru þau seld á uppboði og ágóðinn rann til samtakanna Star Wars: Force for change. Skórnir eru að sjálfsögðu allir með rauða sólanum, því hvernig ætti fólk annars að vita að þeir eru Louboutin?

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki






FORD Rimor - Árgerð 2008, ekinn 92 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Tilboðsverð 3.990.000. Rnr.281003 Hafið samband varðandi hugsanleg skipti. Bílabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið virka daga 12-18 og laugard. 12-15**
**www.bilabankinn.is**






HYUNDAI I10. Árgerð 2017, ekinr frá 21 Þ.KM, bensín, beinskiptur. Verð frá 1.090.000. Besta verð í bænum takmarkað magn Rnr.213102.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU.**
Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.
**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér almennt viðhald húsa og nýsmíði. s: 864-5920

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvikur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is




### Önnur þjónusta



www.parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parketslípun, sólpallaslípun, korkslípun og parketlagnir. S:7728100 Erum á facebook Parket og málun.

## Keypt & Selt

### Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar




Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Ódýr íbúð til sölu/leigu á Skagaströnd. Uppl. S: 847 8446

### Atvinnuhúsnæði



**240 FERMETRA SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Á HÖFÐANUM TIL LEIGU.**
Opið rými, 2 skrifstofur, 2 geymslur, eldhús og salerni, sér bílastæði. Nánari upplýsingar: tangarhofdi@gmail.com eða 8314962.

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**
Silfri ehf óskar eftir öflugum trailer bílstjóra. Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**- BÍLSTJÓRA VANTAR Á FJÖGURRA ÖXLA TRUKK -**
Silfri ehf óskar eftir bílstjóra á fjögurra öxla trukk.
Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

### Atvinna óskast

**STARFSFÓLK Í BOÐI**
Höfum í okkar röðum áreiðanlegt og reynslumikið starfsfólk í hin ýmsu verkefni. Meðal annars í smíðavinnu, flísalagnir og aðra múrvinnu, pípulagnir, vélavinnu og málningarvinnu ásamt allri almennri verkamannavinnu.
**Manngildi Starfsmannaþjónusta**
**s.780-1222**







**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Elliðaárdalur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 27. júní 2018 og borgarráði Reykjavíkur, þann 5. júlí 2018, var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vogabyggð, svæði 5, þá er afmörkun skipulags Elliðaárdals breytt á þann hátt að mörk skipulagsins eru dregin vestan Geirsnefs í vesturál Elliðaánna. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig sjá á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14,** 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 20. júlí til og með 31. ágúst 2018. Einnig má sjá tillöguna á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is*, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 31. ágúst 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 20. júlí 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is


TILBOÐ
1.990 kr.kg
HUMARSÚPA
LAXAFLÖK
2.990 kr.kg
FERSK OG/EÐA
MARINERUÐ
OPIÐ LAUGARDAG 10-15 Á SOGAVEGI 3
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 555 2800
HITAVEITUSKELJAR FRÁ
USA
PLUG & PLAY
FÁÐU
TILBOÐ Í SKEL
OG LOK HJÁ
OKKUR.
Koma með niðurfalli og yfirfalli
ásamt vönduðu handfangi.
3 stærðir
200 x 200 4-5 manna
215 x 215 5-6 manna
230 x 230 6-8 manna
HEITIRPOTTAR.IS
Heitirpottar / Höfðabakki 1 við Gullinbrú / 110 Reykjavík / Heitirpottar.is / sími: 777 2000

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
20. JÚLÍ 2018 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1783** Eldmessa Jóns Steingrímssonar er sungin á Kirkjubæjarklaustri. Stöðvast þá framrás hraunsins skammt þaðan frá og er það þakkað trúarhita prestsins.

**1798** Þeir fáu menn sem sótt höfðu Alþingi fara heim frá Þingvöllum vegna slæms aðbúnaðar. Þar með lýkur þinghaldi á Þingvöllum.

**1934** Starfsstúlknafélagið Sókn er stofnað sem stéttarfélag starfsstúlkna á sjúkrahúsum.

**1946** Áætlunarbifreið hvolfir og upp kemur eldur í henni við Gljúfurá í Borgarfirði. Um borð eru 22 farþegar og slasast fimmtán þeirra, þó enginn alvarlega og allir komast frá borði áður en bíllinn brennur til ösku.



**1947** Ólafur krónprins Noregs afhjúpar styttu af **Snorra Sturlusyni** eftir norska myndhöggvarann Gustav Vigeland, á Snorrahátíð í Reykholti í Borgarfirði.

**1968** Opnuð er vatnsleiðsla sem lögð er til Vestmannaeyja frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum.

**1968** Ólympíuleikar þroskaheftra eru haldnir í fyrsta sinn í Chicago.

**1969** Appolló 11 lendir giftusamlega á tunglinu.

**1973** Frakkar taka upp kjarnorkusprengingar í tilraunaskyni á Mururóa að nýju, þrátt fyrir mótmæli Ástralíu og Nýja-Sjálands.

**1976** Lendingarfar Viking 1 lendir á Mars.

**1983** Herlög eru afnumin í Póllandi og pólitískum föngum sleppt.



**1999** Kínversk stjórnvöld banna **Falun Gong-hreyfinguna.**

**2001** Gríðarleg mótmæli eiga sér stað þegar fundur átta helstu iðnríkja heims hefst í Genúa á Ítalíu. Einn mótmælandi er skotinn til bana af lögreglumanni.

**2005** Fyrsti þáttur So you think you can dance er sendur út af FOX.



†

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sólveig Einarsdóttir**

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju
mánudaginn 23. júlí klukkan 15.00.

**Ásmundur Hilmarsson** — **Ragnheiður Hulda Bjarnad.**
**Guðmundur Hilmarsson** — **Gróa Guðbjörg Ágústsdóttir**
**Pétur Ingi Hilmarsson** — **Jóhanna Sigmundsdóttir**
**Gunnar Hilmarsson** — **Rósa Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**Helga Svana Ólafsdóttir**

kennari í Bolungarvík,

lést á hjúkrunarheimilinu Bergi
miðvikudaginn 11. júlí 2018.
Útförin fer fram frá Hólskirkju í
Bolungarvík laugardaginn 21. júlí,
kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir,
en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent
á Sjálfsbjörg og slysavarnadeildirnar í Bolungarvík.

**Svanhildur, Steinunn, Egill, María,**
**Ólafur Helgi, Guðrún, Rögnvaldur**
**og aðrir aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.




**Í Kaffihúsi Guðrúnar frá Lundi er allt í þjóðlegum stíl, eins og sjá má. Kristín Sigurrós passar upp á það.**

# Í anda Guðrúnar frá Lundi

**Kaffihús að Sólgörðum í Fljótum í Skagafirði ber nafn einnar frægustu dóttur sveitarinnar, Guðrúnar frá Lundi rithöfundar. Húsfreyja þar er Kristín Sigurrós Einarsdóttir.**

Við leggjum mesta áherslu á heitar vöfflur með heimagerðri rabarbarasultu og rjóma auk þess að hafa drykki og ís á boðstólum," segir Kristín Sigurrós Einarsdóttir, sem rekur Kaffihús Guðrúnar frá Lundi að Sólgörðum í Fljótum í Skagafirði, ásamt manni sínum, Núma Jónssyni. „Við reynum að hafa kaffihúsið í anda Guðrúnar. Hér eru spjöld með upplýsingum um hana og verk hennar og við seljum svuntur og fjölnota taupoka sem minjagripi tengda henni. Svo eru bækurnar hennar hér, bæði nýjar og notaðar."

Auk kaffihússins reka þau hjón gistingu að Sólgörðum og sjá um sundlaugina á staðnum. Kristín Sigurrós segir hafa verið nóg að gera í sumar enda séu þau á Tröllaskagahringnum sem orðinn sé vinsæll.

„Þetta er rétt hjá Barðskirkju í Fljótum. Maðurinn minn er uppalinn þar svo hann er á heimaslóðum. Við tókum við þessum rekstri í fyrra. Áður hafði verið hér gisting, aðallega fyrir hópa, en við tókum líka við lausatraffík og vorum með vísi að kaffihúsinu þá, þó ekki undir þessu nafni. Það er miklu meira að gera núna, þó veðrið sé ekki eins hagstætt og aðsókn í laugina minni. Við tókum veitingaaðstöðuna alveg í gegn í vetur, máluðum allt og innréttuðum upp á nýtt."

Að Sólgörðum hefur grunnskóli sveitarinnar verið síðan 1942, að sögn Kristínar Sigurrósar. „Skólahúsið sem við erum í er frá 1985. En nú var verið að leggja niður kennslu í sveitinni og eftirleiðis fara börn héðan í skóla á Hofsósi, um 35 kílómetra leið," lýsir hún.

Kristín Sigurrós hafði kynnt sér ævi og rithöfundarferil Guðrúnar frá Lundi áður en hún gerðist vert í Sólgörðum. Á síðasta ári vann hún að því að setja upp sýningu um hana á Sauðárkróki ásamt Maríu Guðrúnu Hrafnsdóttur. Síðustu þrjú ár hefur hún líka farið sem leiðsögumaður á slóðir Guðrúnar í Skagafirði eftir því sem vegur leyfir og þá fjallað í leiðinni um ævi hennar og höfundarverk.

„Ég byrja þar sem Guðrún fæddist, sem var á Lundi í Stíflu, hér í Fljótum, við hlið gömlu Knappstaðakirkjunnar. Ég fer að Enni á Höfðaströnd og út á Skaga, að Mallandi og Ketu, þar sem hún bjó og enda við Sauðárkrókskirkju, enda var hún á Króknum undir lokin." Hún kveðst taka heilan dag í þetta ferðalag. „Það er stoppað á veitingastöðum sem bjóða upp á eitthvað í gömlum anda og er úr heimabyggð, mér finnst Ásakaffi í Glaumbæ og Sólvík á Hofsósi passa best. Svo tökum við upp nesti á vissum stöðum." Kristín Sigurrós segir aldurshópinn í ferðunum breiðari en hún hefði reiknað með. „Fólk hefur mikinn áhuga á Guðrúnu, Dalalíf er ein vinsælasta sagan á bókasöfnum landsins og yfirleitt eru farþegarnir vel lesnir og þakklátir." **gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 20. JÚLÍ 1973

## Flugfélag Íslands og Loftleiðir sameinuðust

Stofnfundur Flugleiða hf. var haldinn þennan mánaðardag árið 1973 og sameinuðust Flugfélag Íslands og Loftleiðir þá í eitt félag. Aðalfundur Flugfélags Íslands, haldinn tæpum mánuði fyrr, hafði samþykkt samkomulagsgrundvöllinn með 98% greiddra atkvæða en aðalfundur Loftleiða hafði samþykkt samrunann samhljóða. Hlutafélag nýja félagsins var 350 milljónir króna.

Flugleiðir hf. tóku þó ekki formlega til starfa fyrr en 1. ágúst þetta ár, 1973. Forstjórar hins nýja, sameinaða flugfélags voru þá tveir, Örn Johnson, áður forstjóri Flugfélags Íslands, og Alfreð Elíasson, áður forstjóri Loftleiða. Einnig vann starfsfólk hvors félags fyrir sig að sömu verkefnum og áður. Sjálfur flugreksturinn var líka á nafni beggja gömlu félaganna fyrst í stað þó stefnt væri að algerum samruna til lengri tíma litið.




Elegance is an attitude
Simon Baker
LONGINES®
LONGINES
AUTOMATIC CHRONOMETER
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.michelsen.is
Record collection

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Sunnan og suðvestan 5-13 og rigning með morgninum um landið vestanvert, en þurrt um landið austanvert fram undir kvöld. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast fyrir austan.




### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 7° | 9° |
| ↗3 | ←2 | ↓1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° | 10° | 7° |
| ↓3 | ↑1 | ↑5 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 5° | 6° |
| ↗3 | ↙4 | ↓3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 13° | 7° |
| ↓2 | ↘5 | ↙2 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | 5 | | | | | |
| | 9 | | | | 4 | 8 | 6 | |
| | 4 | 7 | | 8 | 3 | 9 | | |
| 7 | | | | 9 | 6 | | 3 | |
| | 3 | | 1 | | 2 | | | |
| 8 | 5 | | | 4 | 7 | | 2 | |
| | | 4 | | | | | 8 | 7 |
| | | | | 7 | 1 | | 5 | |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | 9 | 5 | | |
| 7 | | | 4 | | | | | 3 |
| | 9 | | | | 1 | 4 | | 7 |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 3 | | | 7 | | 5 | | 2 | 1 |
| | | | | | 2 | | | |
| | 1 | 4 | 8 | | | | 5 | 9 |
| | | 5 | 2 | | 4 | | | 6 |
| | 8 | | | | 6 | | 3 | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | | | | 9 | |
| | | | | 6 | | | | 7 |
| | | | 9 | 2 | 4 | | | 6 |
| | | | | | 5 | 3 | | |
| 9 | | | 4 | 1 | 8 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | 8 | 2 |
| | | 4 | | | | 7 | | 1 |
| | 7 | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 2 | 9 | 8 | 4 | 6 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 | 4 |
| 1 | 5 | 4 | 3 | 2 | 9 | 8 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 6 | 4 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 1 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 9 | 3 |
| 1 | 9 | 2 | 7 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 3 | 6 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 3 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 3 | 4 | 5 | 1 |
| 3 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 4 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. bólga
5. dýrahljóð
6. átt
8. arfleiða
10. samtök
11. ábreiða
12. mynt
13. skoðun
15. goðsagnavera
17. fjöldi

**LÓÐRÉTT**
1. þrálát
2. rannsaka
3. munda
4. út
7. vökumaður
9. blaða í
12. málmur
14. prjónavarningur
16. tímaeining

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** proti, **5.** rýt, **6.** nv, **8.** ánafna, **10.** sa, **11.** lak, **12.** sent, **13.** álit, **15.** kentár, **17.** skari.
**LÓÐRÉTT: 1.** práskák, **2.** rýna, **3.** ota, **4.** innan, **7.** vaktari, **9.** fletta, **12.** sink, **14.** les, **16.** ár.

## Skák Gunnar Björnsson

Pillsbury átti leik gegn Lee í London árið 1899.

**Hvítur á leik**



**1. Df3! Dxf3 2. Hg1+ Kh8 3. Bg7+ Kg8 4. Bxf6+ 1-0.**
Stefán Bergsson átti góðan dag í Serbíu þegar hann vann tvær skákir. Mótinu lýkur í dag.

**www.skak.is:** Úrslit Sumarmóts við Selvatn.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Samrýnd systkini**

**Sveitamarkaðurinn** að Mosskógum verður 20 ára á árinu. Bræðurnir að baki markaðinum í Mosfellsdal og systur þeirra ræða frjálsa og framúrstefnulega æsku sína.

**Stórsveit til landsins**
Rokkhljómsveitin **Guns N'Roses** stígur á svið í Laugardalshöll á þriðjudag. Fréttablaðið tók einkaviðtal við stórstjörnurnar.



**Stuðningurinn lykilatriði**
**Elísabet** og **Sigurlína** starfa báðar í einu stærsta tölvuleikjafyrirtæki í heimi. Þær hafa stutt hvor aðra í gegnum ferilinn og telja það lykilatriði í því hversu langt þær hafa náð.

**Skrautlegur ferill forsetans**
**Forseti Króatíu** var áberandi á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Helgarblaðið lítur yfir skrautlegan feril hennar.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is



Ásgeir Trausti fer hamförum um landið og hitar Íslendinga upp fyrir næstu plötu sem er í vinnslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## 20. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Hide Your Kids & Vio á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Hljómsveitirnar Hide Your Kids og Vio munu spila fyrir dansi í kvöld. Hljómsveitin Hide Your Kids hefur verið til frá árinu 2012 og hefur komið víða við á þeim tíma. Hljómsveitin gaf út sína fyrstu plötu, Lovestories, árið 2015 sem fékk mjög góðar undirtektir. Hljómsveitin Vio vann Músíktilraunir árið 2014 og hefur gefið frá sér frábært efni síðan þá ásamt því að spila mjög reglulega. Hún gaf út sína fyrstu plötu, Dive in, árið 2014 og fékk platan mikið lof.

**Hvað?** Nicolas Kunysz x Sindri Geirsson / The Society of Possible II
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Þúsundþjalasmiðirnir og tónlistarmennirnir Sindri Geirsson og Nicolas Kunysz bjóða hlustendur velkomna í samfélag hins mögulega í annað sinn í Mengi. Sindri og Nicolas hafa unnið saman að tónlist undir ýmsum nöfnum í fleiri ár og henni mætti lýsa sem tilraunakenndri, ambíent-, hávaða- og lágstemmdri tónlist auk vettvangshljóðritana og endurtekninga.

**Hvað?** Ylja – Sumartónleikar á Bryggjunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús, Grandagarði
Söngfuglarnir úr Ylju, Bjartey og Gígja, ætla að koma til okkar á Bryggjuna 20. júlí og fylla hjörtun okkar af ómþýðum söng og hugljúfum gítarleik eins og þið flest þekkið.

**Hvað?** Manuel Zito tónleikar
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** CenterHotel Þingholt, Þingholtsstræti
Manuel Zito, píanóleikari og tónskáld mun flytja lög af nýrri plötu, Fernweh, á CenterHotel Þingholt.

**Hvað?** Föstudagskvöld á Múlanum með Múlakvintettinum og gestum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Sumardagskrá Múlans heldur áfram en í sumar hafa einnig verið tónleikar á föstudagskvöldum sem hafa fengið frábærar viðtökur. Á tónleikunum kemur fram Múlakvintettinn ásamt sérstökum gestum. Kvintettinn mun leika fjölbreytta tónleikadagskrá, verk sem áður hafa verið á dagskrá hljómsveitarinnar, m.a. frumsamin, eftir Cannonball, Tristano, Henderson og Parker og fleiri. Meðlimir kvintettsins eru saxófónleikararnir Haukur Gröndal og Ólafur Jónsson, píanóleikarinn Agnar Már Magnússon, Þorgrímur Jónsson sem leikur á bassa og trommuleikarinn Scott McLemore. Sérstakir gestir verða bassaleikararnir Myles Sloniker og Sigmar Þór Matthíasson.

**Hvað?** Ásgeir Trausti – Hringsól
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Midgard base camp, Hvolsvelli
Ásgeir heldur í fyrsta skipti í tónleikaferðalag um Ísland þar sem hann kemur fram á alls 14 tónleikum dagana 17. júlí til 1. ágúst. Á tónleikunum frumflytur hann m.a. glænýtt efni sem mun prýða hans þriðju plötu sem væntanleg er í upphafi næsta árs.

### Viðburðir

**Hvað?** Hearts beat loud – Ný mynd frumsýnd
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Feðgin ákveða að taka upp lag saman sem slær svo í gegn á internetinu en faðirinn rekur sjálfstæða plötubúð. Myndin vakti mikla athygli á kvikmyndahátíðinni Sundance þar sem hún var frumsýnd fyrr á árinu.




Það er hellingur um að vera í Bíói Paradís þennan föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Sýningar

**Hvað?** Innljós – verðlaunasýning Sigurðar Guðjónssonar
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kleifar, Blönduósi
Verðlaunasýning Sigurðar Guðjónssonar sem Listasafn ASÍ stóð fyrir í St. Jósefsspítala í Hafnarfirði hefur nú verið sett upp í útihúsunum á bænum Kleifum í útjaðri Blönduóss. Opið alla daga kl. 10 - 22 fram til sunnudagsins 22. júlí.

**Hvað?** Merkilína//Line of reasoning
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Gallerí Úthverfa – Outvert art space, Ísafirði
Á sýningunni Merkilína – Line of reasoning í Gallerí Úthverfu sýnir Sigurður Atli Prent & vinir - stór tjöruprent sem prentuð voru á Ísafirði með jarðvegsþjöppu. Sýningin í Úthverfu stendur til sunnudagsins 29. júlí 2018.

**Hvað?** Mannfræði á krakkamáli
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi
Á sýningunni má sjá afrakstur vinnusmiðju þar sem krakkar á aldrinum 9-12 ára unnu á skapandi hátt með fyrirbærið þjóð. Umsjónarkonur smiðjunnar lögðu fram spurningar og umræðukveikjur, krakkarnir ræddu eigin reynslu og hugmyndir og notuðu ímyndunaraflið til að túlka þær í myndmáli og texta. Sýningin stendur til 24. ágúst.


MARAÞON

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um maraþon kemur út 27. júlí nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# DAGSKRÁ

# Föstudagur




**2** **THE SIMPSONS MOVIE**
KL. 19:50

Homer leggur á flótta ásamt fjölskyldu sinni eftir að hafa fyrir slysni sturtað úrgangi í vatnið og mengað þar með vatnsból bæjarins. Frábær bíómynd um Simpsons fjölskylduna.

**Frábær föstudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




**2** **IMPRACTICAL JOKERS**
KL. 19:25

Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.






**2** **THE PURGE: ELECTION YEAR**
KL. 21:15

Tveimur árum eftir hrottalegt morð á syni Barnes lögregluforingja er hann ráðinn sem yfirmaður öryggismála hjá háttsettum öldungadeildarþingmanni og þá verður ekki aftur snúið!

**2 BÍÓ** **SILENCE**
KL. 22:00

Dramatísk og söguleg mynd með Liam Neeson í aðalhlutverki og í leikstjórn Martin Scorsese um atburði sem gerðust árið 1639.



**3** **SILICON VALLEY**
KL. 22:05

Þriðja gamanþáttaröðin um sex unga menn sem stofna sprotafyrirtæki í Sílíkon dalnum og freista þess að láta drauma sína rætast.




Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is

## STÖÐ 2

**07.00 Blíða og Blær**
**07.25 Strákarnir**
**07.50 The Middle**
**08.10 Mom** Fimmta gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Restaurant Startup**
**11.05 Great News**
**11.30 Veistu hver ég var?**
**12.10 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Date Night**
**14.25 Swan Princess. Royally Undercover**
**15.40 The Red Turtle**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.00 Fréttayfirlit og veður**
**19.05 Modern Family**
**19.25 Impractical Jokers**
**19.50 The Simpsons Movie** Frábær bíómynd um Simpsonfjölskylduna. Homer leggur á flótta ásamt fjölskyldu sinni, eftir að hafa fyrir slysni, orðið valdur að mestu mengun sem heimurinn hefur séð í einum smábæ, þegar hann sturtar óvart úrgangi í vatnið og mengar þar með vatnsból bæjarins. Á meðan líf bæjarbúa er í hættu, og bærinn einangraður undir glerhjúpi, þarf Homer að vinna fjölskyldu sína til baka og að sjálfsögðu ratar hann í endalausa vitleysu.
**21.15 The Purge. Election Year** Spennandi hrollvekja frá 2016. Tveimur árum eftir að hann ákvað að drepa ekki manninn sem drap son hans, verður fyrrverandi lögregluforinginn Barnes yfirmaður öryggismála hjá öldungadeildarþingmanninum Charlene Roan, sem keppir um að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum, en eitt helsta baráttumál hennar er að afnema The Purge.
**23.00 The Girl With All the Gifts**
**00.55 King Arthur. Legend of the Sword**
**03.00 All Eyez on Me**
**05.15 Date Night**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.05 UEFA - Forkeppni Evrópudeildarinnar**
**08.45 Goðsagnir efstu deildar**
**09.35 Formúla 1 - Keppni**
**11.45 Sumarmessan**
**12.35 NBA**
**13.25 Pepsímörk kvenna**
**14.25 Pepsi deild kvenna**
**16.10 Mjólkurbikar karla**
**17.50 UEFA - Forkeppni Evrópudeildarinnar**
**19.30 Premier League World**
**20.00 Pepsi deild karla**
**21.40 Pepsímörkin**
**23.10 Sumarmessan**
**00.00 Pepsímörk kvenna**
**01.00 International Champions Cup**

## STÖÐ 3

**19.10 Last Man Standing**
**19.35 The New Girl**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 The Simpsons**
**21.15 American Dad**
**21.40 Bob's Burgers**
**22.05 Silicon Valley**
**22.35 Schitt's Creek**
**23.00 Mildred Pierce**
**00.00 The New Girl**
**00.25 Seinfeld**
**00.50 Friends**
**01.15 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.55 Pingu**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Ævintýraferðin**
**09.37 Hvellur keppnisbíll**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Stóri og Litli**
**10.13 K3**
**10.24 Óskastund með Skoppu og Skítlu**
**10.38 Mæja býfluga**
**10.50 Tindur**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.55 Pingu**
**13.00 Strumparnir**
**13.25 Ævintýraferðin**
**13.37 Hvellur keppnisbíll**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Stóri og Litli**
**14.13 K3**
**14.24 Óskastund með Skoppu og Skítlu**
**14.38 Mæja býfluga**
**14.50 Tindur**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.55 Pingu**
**17.00 Strumparnir**
**17.25 Ævintýraferðin**
**17.37 Hvellur keppnisbíll**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Stóri og Litli**
**18.13 K3**
**18.24 Óskastund með Skoppu og Skítlu**
**18.38 Mæja býfluga**
**18.50 Tindur**
**19.00 Emoji myndin**



**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 07.24, 11.24 og 15.24**

## GOLFSTÖÐIN

**19.00 2018 Playoffs Official Film**
**19.50 Golfing World**
**20.40 PGA Special. This is Mackenzie Tour**
**21.00 Barbasol Championship**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50 Dear Eleanor**
**13.20 Game Change**
**15.20 Diary of a Wimpy Kid. The Long Haul** Frábær fjölskyldumynd frá 2017 sem er byggð á samnefndri metsölubók. Ferðalag Heffley-fjölskyldunnar fer öðruvísi en ætlað var, þegar hún fer í heimsókn til Meemaw að halda upp á 90 ára afmælið, einkum vegna þess að Greg vill komast á tölvuleikjaráðstefnu.
**16.55 Dear Eleanor**
**18.25 Game Change**
**20.25 Diary of a Wimpy Kid. The Long Haul**
**22.00 Silence** Dramatísk og söguleg mynd frá 2017 með Liam Neeson í aðalhlutverki og í leikstjórn Martins Scorsese. Árið er 1639 og tveir portúgalskir prestar ákveða að ferðast alla leið til Japans til að kanna sannleiksgildi þess orðróms að fyrrverandi lærimeistari þeirra, jesúítapresturinn Cristóvao Ferreira, hafi gengið af trúnni og afneitað kristindóminum. Í Japan á þessum tíma standa yfir trúarofsóknir gegn kristnu fólki og fjöldi þeirra var líflátinn.
**00.40 Sisters**
**02.35 Hidden Figures**
**04.40 Silence**

## RÚV

**13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008**
**13.50 Bækur og staðir**
**14.00 Í garðinum með Gurrý**
**14.30 Óskalög þjóðarinnar**
**15.20 Bítlarnir að eilífu - Norwegian Wood**
**15.30 Marteinn**
**16.00 Heillandi hönnun**
**16.30 Vegir liggja til allra átta**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Froskur og vinir hans**
**18.08 Rán og Sævar**
**18.19 Letibjörn og læmingjarnir**
**18.25 Íþróttagreinin mín - Sleðar**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Fjörskyldan**
**20.20 Grafhýsi Tútankamons**
**21.10 Séra Brown**
**22.00 And Then There Were None**
**23.30 The Godfather: Part II**
**02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**00.45 24**
**01.30 Scandal**
**02.15 Jamestown**
**03.05 SEAL Team**
**03.50 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**04.40 Síminn + Spotify**
**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.40 The Tonight Show**
**09.20 The Late Late Show**
**10.00 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.25 King of Queens**
**12.50 How I Met Your Mother**
**13.10 Dr. Phil**
**13.50 Solsidan**
**14.15 LA to Vegas**
**14.35 Flökkulíf**
**15.00 Family Guy**
**15.25 Glee**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.30 The Biggest Loser**
**21.00 The Bachelorette**
**22.30 My Best Friend's Girl**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

ILVA

GO CRAZY

FÖSTUDAG TIL MÁNUDAGS

25%

AF ÖLLUM VÖRUM

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði

Tilboðin gilda 20.07.18 – 23.07.18

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is

laugardaga – sunnudaga 12–18, mánudaga – föstudaga 11–18:30

Netgíró

VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND

INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# Krumpugallinn er mættur aftur ... í öllu sínu veldi



Tískan fer í hringi, það er löngu vitað mál og stundum dúkka upp flíkur sem maður hélt að myndu ekki líta dagsins ljós aftur. Eins og núna þegar ein heitasta flíkin í ár er gamli góði krumpugallinn. Með þægindin í fyrirrúmi er hægt að tengja þennan galla, jakka og buxur í stíl við íþróttatískuna en tískufyrirmyndirnar hafa klæðast gallanum við háa hæla jafnt sem strigaskó. Litríkir með stóru lógói – þetta er eitthvað fyrir þá allra djörfustu.



Hægt er að finna galla í flestum verslunum. Þessi er frá Gucci á Net-A-Porter



Tískufyrirmyndin Kylie Jenner í skærgulum krumpugalla. NORDICPHOTOS/GETTY





Því litríkara því betra – og krumpugallinn fer báðum kynjum vel.

Sjúkratryggingar Íslands

## Bætt tannlæknaþjónusta við aldraða og örorkulífeyrisþega

Sjúkratryggingar Íslands vekja athygli á fyrirhuguðum rammasamningi um tannlækningar aldraðra og öryrkja. Samningnum er ætlað að taka til almennra tannlækninga (annarra en tannréttinga) fyrir aldraða og öryrkja sem sjúkratryggðir eru á Íslandi. Í því fellst m.a. skoðun, röntgenmyndataka, reglulegt eftirlit, tannviðgerðir, rótfyllingar, tannvegslækningar, úrdráttur tanna og laus tanngervi. Miðað er við að tannplantar og föst tanngervi verði styrkt upp að vissu marki.

Fyrirhugað er að rammasamningurinn taki gildi 1. september 2018 og verði til þriggja ára, með möguleika á tveggja ára framlengingu.

Drög rammasamningsins eru á vefsíðu Sjúkratrygginga Íslands.
Áskilinn er réttur til að gera lagfæringar á þeim.

Tannlæknar og tannlæknastofur með viðeigandi starfsleyfi og tryggingar geta óskað eftir að gerast aðilar að samningnum til og með 24. ágúst 2018.



Virðing Fagmennska Framsækni

# 30% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM FERÐATÖSKUM FRÁ GABOL



**Ferðataska Cloud**
**55 cm, 4 hjól**
**TILBOÐSVERÐ: 8.399.-**
Verð áður: 11.999.-



**Ferðataska Cloud**
**69 cm, 4 hjól**
**TILBOÐSVERÐ: 11.199.-**
Verð áður: 15.999.-



**Ferðataska Cloud**
**79 cm, 4 hjól**
**TILBOÐSVERÐ: 14.699.-**
Verð áður: 20.999.-



**Hörð ferðataska Line**
**55 cm, 4 hjól**
**TILBOÐSVERÐ: 9.099.-**
Verð áður: 12.999.-



**Hörð ferðataska Line**
**76 cm, 4 hjól**
**TILBOÐSVERÐ: 15.399.-**
Verð áður: 21.999.-



**Ferðataska Zambia**
**55 cm, 4 hjól**
**TILBOÐSVERÐ: 9.799.-**
Verð áður: 13.999.-



**Ferðataska Zambia**
**69 cm, 4 hjól**
**TILBOÐSVERÐ: 12.949.-**
Verð áður: 18.499.-



**Ferðataska Zambia**
**79 cm, 4 hjól**
**TILBOÐSVERÐ: 16.449.-**
Verð áður: 23.499.-

## KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 23. júlí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.















Snæbjörn Ragnarsson getur ekki lofað því að Skálmöld spili mikið oftar á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Síðustu heiðarlegu Skálmaldartónleikar ársins

Skálmöld er komin heim eftir mikið tónleikaferðalag erlendis og ætlar að sinna Íslendingum eftir langan þurrk. Tvöfaldir tónleikar á Gauknum auk annarra á Græna hattinum og svo er það Sinfóníuhljómsveitin í ágúst í Eldborg. Svo er verið að vinna í nýrri músík.

Hljómsveitin Skálmöld gerir sér lítið fyrir í kvöld og treður upp á tvennum tónleikum á hinum goðsagnakennda rokkbar Gauknum. Fyrri tónleikarnir hefjast klukkan 16 og eru ætlaðir fyrir fjölskyldufólk enda aðdáendur sveitarinnar á öllum aldri. Seinni tónleikarnir hefjast svo klukkan 21 og verða, eins og sveitin orðar það, minna settlegir. Það er orðið ansi langt síðan Skálmöld hefur spilað á landinu.

„Það er búið að vera svo mikið brölt á okkur að við höfum ekki náð að spila hérna heima alltof lengi. Og reyndar var ekkert útlit fyrir að við kæmum því við á þessu ári, en svo opnaðist þarna möguleiki með frekar stuttum fyrirvara og við stukkum á hann,“ segir Snæbjörn Ragnarsson, bassaleikari Skálmaldar og textahöfundur. Hann undirstrikar að menn ættu að hoppa á þetta tækifæri vegna þess að það sé alls ekki víst að sveitin spili aftur á landinu á árinu, utan tónleika með Sinfóníuhljómsveitinni í ágúst. Hann segir jafnframt að Gaukurinn sé einn af hans uppáhaldsstöðum að spila á og að sveitin hafi í raun stigið sín fyrstu spor þar á bæ.

„Auðvitað hefur það mikið með fólkið að gera og þá staðreynd að Gaukurinn hefur fylgt okkur frá upphafi. Ég meina, fyrsta giggið okkar var þarna, okkar allra fyrsta. Það er einhvern veginn bara svo skemmtilegt og auðvelt og allir glaðir.“

*Hvað er það við Gaukinn sem er svona frábært?*

„Þetta er góð spurning. Þröngt, dimmt, skítugt og allt frekar voðalegt. Þetta hljómar nú ekki eins og uppskrift að góðum tónleikastað. En kannski er það einmitt þetta. Þetta er einn heiðarlegasti rokkklúbbur sem ég hef komið á og ég hef orðið komið á þá ansi marga. Ef eitthvað er rokkenról þá er Gaukurinn rokkenról.“

*Ætliði að telja í nýtt efni?*

„Ég get því miður ekki lofað nýju efni strax. Við erum búnir að taka upp plötuna og hún er í raun tilbúin. En við höfum ekki enn náð að keyra í æfingar og svo kannski langar okkur heldur ekkert alveg til að spila þetta á tónleikum strax. Það er frekar að eitthvað gerist í lok ágúst…“

Til að bæta fyrir það hvað þeir hafa spilað lítið á Íslandi upp á síðkastið mun Skálmöld líka gera sér lítið fyrir og bruna norður til að spila á sínum allra besta Græna hatti.

„Já, það kom nú bara upp með enn skemmri fyrirvara. Ég veit ekki hvernig þessi helgi púslaðist svona glæsilega. Venjulega þarf að gera allt með fleiri vikna og mánaða fyrirvara en þetta bara féll allt réttum megin. Og það gleður nú ekkert minna. Það sem gerist á Græna hattinum gerist hvergi annars staðar í heiminum, það fullyrði ég. Maður hefði fljótt á litið ekki haldið að sitjandi tónleikar og hlé væri eitthvað sem hentaði Skálmöld vel, og sennilega er það ekki þannig. En á Hattinum er þetta algerlega sjálfsagt og steinliggur. Ég held að ég sé alveg heiðarlegur með það þegar ég segi að þetta sé minn uppáhaldstónleikastaður í allri veröldinni.“

> VÁ, ÞETTA VERÐA ORÐIN TÍU ÁR Á NÆSTA ÁRI. SJITT. EITTHVAÐ SEM ÁTTI NÚ KANNSKI EKKERT AÐ VERÐA MEIRA EN NOKKRAR ÆFINGAR OG GÓÐUR KALLAKLÚBBUR. MAGNAÐ ALVEG.

Eins og áður sagði hefur sveitin verið á miklu brölti erlendis við spilamennsku og segir Snæbjörn að það sé bara farið að ganga ansi vel að ferðast svona.

„Já, við erum nú farin að kunna á þetta og hvert á annað. Ég segi farin því Helga systir leysti Gunna af einu sinni sem oftar. Að vera í svona túrandi bandi er eins og að vera í flóknasta hjónabandi í heimi og við náum nú bara að láta það ganga ágætlega. Lykilinn er nú held ég fyrst og fremst umburðarlyndi og hreinskilni. Ef einhver vill vera einn fær hann að vera einn. Ef einhver þarf félagsskap þá fær hann félagsskap.“

Næst á dagskrá eru tónleikar með Sinfó í ágúst og meiri tónlist.

„Já, það virðist aldrei ætla að hægja á þessu. Rétt að segja uppselt á ferna tónleika með Sinfóníunni og fimmta stúdíóplatan að koma út í haust. Vá, þetta verða orðin tíu ár á næsta ári. Sjitt. Eitthvað sem átti nú kannski ekkert að verða meira en nokkrar æfingar og góður kallaklúbbur. Magnað alveg.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*




Kynntu þér **Opel Karl** á **opel.is/karl** eða í **sýningarsölum** okkar í Reykjavík og Reykjanesbæ

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18

Bílabúð Benna



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

## KOLDING
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, grátt og rautt leður.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **95.920 kr.**



ÚTSALA
35%
AFSLÁTTUR

## JONNA
2,5 sæta sófi

Dusty Rose, skógar-grænt eða grátt sléttflauel.
Stærð: 169 x 89 x 87 cm.

**Fullt verð: 79.900 kr.**

Aðeins **51.935 kr.**

## HELSINKI
rúmgafl

Rúmgafl fæst í svörtu eða hvítu PU-leðri og í gráu áklæði. Stærðir: 120, 140, 160, 180 cm. Verð hér fyrir neðan miðast við rúmbreidd 140 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**



Aðeins **29.925 kr.**

ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR



## OSLO
rúmgafl

Rúmgafl fæst í stærðunum: 120, 140, 160, 180 cm í mismunandi áklæðum. Verð hér fyrir neðan miðast við rúmbreidd 140 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **29.925 kr.**

## NATURE'S LUXURY
heilsurúm m/Classic botni




Aukahlutir á mynd:
Teppi og koddar/púðar

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR
af Luxury dýnu
20% af botni

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Þrýstijöfnunar yfirdýna
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á $m^2$

Nature's Bedding

**NATURE'S LUXURY**
Stærð 160 x 200 cm

Fullt verð 149.900 kr.

Aðeins **114.675 kr.**

**NATURE'S LUXURY**
Stærð 180 x 200 cm

Fullt verð 169.900 kr.

**129.925 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í bækl-ingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Verð gildir til 12. ágúst 2018 eða á meðan birgðir endast.*

# DORMA
Láttu drauminn rætast

# Sumarútsala í fjórum búðum

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði




# Sumar útsala

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## NATURE'S SUPREME
heilsurúm með Classic botni

| Stærð í cm | Fullt verð | Útsöluverð |
|---|---|---|
| 80x200 | 82.900 | 60.830 |
| 90x200 | 89.900 | 65.930 |
| 100x200 | 96.900 | 71.030 |
| 120x200 | 109.900 | 80.530 |
| 140x200 | 119.900 | 87.930 |
| 160x200 | 134.900 | 98.930 |
| 180x200 | 149.900 | 109.930 |



Nature's Bedding

**ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR**
af Supreme dýnu
20% af botni

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Aukahlutir á mynd: Gafl og koddar

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m²
- Vandaðar kantstyrkingar

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Þórarins Þórarinssonar



# Ófögnuður

Fundir eru nánast undantekningalaust til mikillar óþurftar. Tímasóun sem virtist vera þeim kærust sem minnstan áhuga hafa á því að koma einhverju af viti í verk.

Verstir eru þó fundirnir þegar saman kemur fólk ýmist með tóm höfuð, eða full af ógeðslegum hugsunum og áformum. Tveir ólíkir menn áttu slíkan fund í byrjun vikunnar og fyrirfram óttaðist fólk með viti meðal annars að þetta yrði eins og að viðvaningur stigi inn í hnefaleikaferhyrninginn á móti Muhammad Ali.

Og vissulega kom Donald Trump ansi lemstraður frá stuttri og snarpri viðureign sinni við Vladimír Pútín. Ekki furða þar sem annar er vínbelgur sem er við það að springa af heimsku, hroka og skrumi en hinn útsmoginn, eldklár og viðsjárverður járnkall, hertur og mótaður hjá hinum forna erkifjanda James Bond, Bandaríkjanna og hins vestræna heims, KGB.

Háskalegustu Leppalúðar Rússagrýlunnar komu úr dýpstu og dimmustu hellum Sovétríkjanna og þaðan var Pútín kominn til þess að tuska til sjálfumglaðan silfurskeiðung frá New York sem kann ekki einu sinni að hnýta bindishnút.

Pútín gæti hæglega verið skúrkur í James Bond-mynd. Svo svakalegur að hann gæti hæglega stútað besta njósnara hennar hátignar á meðan Trump gæti í besta falli verið vondi kallinn í Austin Powers-mynd, enda ekki einu sinni fær um að ganga skammlaust við hlið drottningar.

Skömmu eftir að þessi ófagnaðarfundur holdgervinga bíómyndaskúrka var haldinn í Finnlandi skunduðu gulu skósveinarnir úr Aulinn ég-myndunum á Þingvöll og hringsnerust þar um sjálfa sig í fullkomnu tilgangsleysi að fagna aldar fullveldi þjóðar sem var ekki einu sinni boðið á ballið.

Aularnir, við erum þeir.

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.




SUMAR ÚTSALA
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN







FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?
Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

